



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Yfirlit yfir fornleifarannsóknir 2018

Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir

2020

Ritstjórn
Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir

Ljósmyndir
Sjá myndaskrá aftast

Ljósmynd á forsíðu
Rannsókn á herminjum á Skálum á Langanesi (sjá kafla 6.6). Ljósmynd: Þóra Pétursdóttir.

© 2020
Minjastofnun Íslands
Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir

Öll réttindi áskilin
ISBN 978-9935-9403-7-7

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Ísland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Reykjavík og nágrenni.....	5
2.1	Bessastaðir og Lambhús: framkvæmdarannsókn vegna heimreiðar	5
2.2	Móakot, Nesi við Seltjörn.....	7
2.3	Suðurgata 6, Reykjavík.....	9
2.4	Steinbryggja, Reykjavík.....	11
2.5	Naustatorg við Tryggvagötu í Reykjavík	13
2.6	Hafnarstræti 18, Reykjavík	14
2.7	Lækjargata 12, Reykjavík. Framhaldsrannsókn vegna framkvæmda	16
2.8	Þingholtsstræti 25a, Reykjavík	17
2.9	Fornar rætur Árbæjar í Reykjavík	18
2.10	Bílaplan við Mosfellskirkju í Mosfellsdal	20
3.	Vesturland	22
3.1	Mylla í Húsafelli	22
3.2	Kvennabrekka – framkvæmdarannsókn á garði	24
3.3	Ólafsdalur við Gilsfjörð	26
4.	Vestfirðir.....	28
4.1	Flak Melckmeyt við Flatey á Breiðafirði.....	28
4.2	Framkvæmdaefirlit vegna gatnaframkvæmda við hafnarsvæðið á Bíldudal, Vestur-Barðastrandarsýslu	30
4.3	Strandgata 1 á Bíldudal	32
4.4	Hafnarbraut 2, Bíldudal.....	34
4.5	Framkvæmdir Arnarlax við höfnina á Bíldudal.....	36
4.6	Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum	38
4.7	Verslun og hvalveiðar Hollendinga á 17. og 18. öld – Kirkjuból, Tjaldanes, Bauluhús og Hrafnseyri	40
4.8	Kleifar í Dýrafirði, Súðavíkurbreppi.....	41
4.9	Landnámsbýlið í Sandvík.....	43
5.	Norðurland vestra.....	44
5.1	Tjörn á Vatnsnesi, V-Húnavatnssýslu	44
5.2	Þingeyrar í Húnaþingi – Klaustur á Íslandi.....	46
5.3	Spákonufell á Skagaströnd, kirkjugarður	48
5.4	Geldingaholt í Skagafirði.....	50
5.5	Skagafjörður Church and Settlement Survey (SCASS) - Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjörður, North Iceland	52
5.6	SCASS - Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjörður, North Iceland	54

5.7	Hegranesþingstaður – SCASS - Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjordur, North Iceland.....	55
5.8	Utanverðunes í Skagafirði - SCASS	57
5.9	Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar – Byggðasögurannsókn XI	59
6.	Norðurland eystra.....	61
6.1	Tveir dalir: Svarfaðardalur, Hörgárdalur.....	61
6.2	Hvatastaðir í Hrísey	63
6.3	Borkjarnarannsókn í landi Hlíðarenda á Akureyri.....	64
6.4	Flatey á Skjálfanda	66
6.5	Í Brekkum (áður Hofstaðagarðshorn).....	68
6.6	Hernámið frá sjónarhóli fornleifafræðinnar – Skálar á Langanesi.....	70
7.	Austurland	72
7.1	Hof í Vopnafirði.....	72
7.2	Axarvegur, Þingmúli í Skriðdal.....	74
7.3	Stöð í Stöðvarfirði.....	76
7.4	Hitaveita í landi Hoffells í Hornafirði	78
8.	Suðurland	79
8.1	Arfabót á Mýrdalssandi.....	79
8.2	Seljaland - Tephra contouring and medieval woodland: archaeological innovation within a geological paradigm	81
8.3	Fallnir hellar í Oddatúni, Rangárvöllum.....	83
8.4	Ægissíðuhellar – afhellar í Hlöðuhelli	85
8.5	Skálholt. Nemendauppgröftur.....	87
8.6	Forkönnun á bátsflaki í Þingvallavatni	89
8.7	Vorsabær við Hveragerði	90
9.	Reykjanes.....	92
9.1	Gamli Keflavíkurbærinn í Reykjanesbæ	92
9.2	Duustún í Keflavík.....	94
9.3	Kaldárselsvegur, breyting á legu vegar.....	95
10.	Aðrar rannsóknir	97
11.	Myndaskrá	98

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 veitir Minjastofnun Íslands leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér, setur reglur um veitingu leyfa og hefur eftirlit með þeim.

Í 11. lið 4. gr. Reglna nr. 339/2013 um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér segir:


Að lokinni vettvangsrannsókn hvers árs skal skila inn til Minjastofnunar eyðublaði þar sem fram koma grunnupplýsingar um gang rannsóknarinnar það árið. Minjastofnun Íslands mun gefa út yfirlit yfir fornleifarannsóknir hvers árs sem byggir á þessum upplýsingum.

Nú hefur verið unnið úr þeim eyðublöðum sem bárust fyrir árið 2018 og má sjá fyrstu niðurstöður þeirra rannsókna sem veitt var leyfi til það ár hér á eftir.

Eru upplýsingar eyðublaðanna byggðar á vettvangsskrám en sérfræðigreiningum og úrvinnslu var ekki lokið. Þetta kemur að sjálfsögðu ekki í stað áfanga- eða lokaskýrslu hvernar rannsóknar fyrir sig.

Rannsóknirnar eru settar upp í kafla eftir minjasvæðum þannig að byrjað er á höfuðborgarsvæðinu og farið réttsælis kringum landið og endað á Reykjanesi. Í kaflanum „Aðrar rannsóknir“ eru taldar upp þær rannsóknir sem ekki fóru fram, ekki fékkst leyfi til að framkvæma eða þar sem engar mannvistarleifar fundust.

Fjöldi rannsókna var nokkuð breytilegur eftir minjasvæðum árið 2018. Flestar rannsóknir fóru fram á Vestfjörðum, 13 talsins, en einungis þrjár á Vesturlandi og á Reykjanesi.



Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2018. Númerin vísa til kafla í skýrslunni. Sums staðar eru fleiri en ein stjarna með sama númer og er ástæða þess að í sumum rannsóknum eru fleiri en einn staður rannsakaður undir sama rannsóknarnúmeri.


2. Reykjavík og nágrenni



Mynd 2. Bessastaðir, uppgrافتarsvæði A. Ljósmynd: Dag-Óyvind Engtrø Solem. NIKU.

2.1 Bessastaðir og Lambhús: framkvæmdarannsókn vegna heimreiðar

Leyfishafi: Ragnheiður Traustadóttir	Fyrirtæki/stofnun: Antikva ehf.
Rannsóknarnúmer: 2018090055	Númer Þjóms: 2018-71
Staðsetning: A 353580 N 403580	Póstnúmer: 225 Garðabær
Vettvangsrannsókn hófst: 15.08.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 22.12.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Breikkun heimreiðarinnar að Bessastöðum sumarið 2018 var stöðvuð þegar fornar minjar komu í ljós. Grafið hafði verið í gegnum mannvistarlæg í túninu við norðurbrún vegarins þar sem Lambhús stóðu forðum. Skurðurinn var 291,73 m langur og 4,5–6 m breiður og því miður urðu minjar fyrir spjöllum. Sjá mátti mannvistarleifar á um 144 m löngum kafla í skurðinum. Auk þess voru þrjár skurðir grafnir norðan við Bessastaðakirkju. Til að auðvelda yfirsýn var skurðinum meðfram heimreiðinni skipt í sjö svæði og þeim gefin bókstafsheitin A, B, C, D, E, F og G. Breiddin var u.þ.b. 3–5 m í fleti og þykkt mannvistarlaga frá 40 til 80 cm. Elstu mannvistarleifarnar voru frá 10. öld og þær yngstu frá 19. öld. Með hliðsjón af torfveggjum, grjóthleðslum, mannvistar- og ruslalögum, eldstæðum, móöskulögum, soðholum og kolagröfum sem í ljós komu virðast a.m.k. 20 mismunandi mannvirki hafa staðið á þessu svæði. Umfangsmestu minjarnar voru á svæðum A og B. A hafði að geyma mannvistarleifar frá hinum ýmsu tímum, allt frá 10. fram á 18. öld. Þar hafa staðið nokkur mannvirki og komu þrjár veglegir torfveggir í ljós frá að minnsta kosti þremur tímaseiðum, sá elsti frá 10. öld. Á svæði B fundust að því er virðist í mörgum fösum ofnar, eldstæði, kolagrafir, ruslalög, brunlalög og torfveggir. Leifar hér virðast vera frá 10. til 13. öld. Á svæði C voru hleðslur sem kunna að vera undan timburhúsi og taldar vera frá 18. og 19. öld. Hugsanlega er hérna kominn í leitirnar grunnurinn að stjörnuathugunarstöð frá lokum 18. aldar eða húsi frá sama tíma að Lambhúsum. Á svæði D voru mannvistarleifar frá 17.–19. öld, að talið er, og hafði þeim verið raskað verulega. Undir þeim komu í ljós minjar frá miðöldum. Þar fyrir neðan voru svo soðholum frá landnámi. Á svæði E voru mannvistarleifar frá

10. öld. Grafan hafði að mestu grafið niður á óhreyft í plani við vegaframkvæmdirnar og minjar því farið forgörðum. Í sniði á 28 m kafla er samt sem áður hægt að sjá leifar eftir mannvist og torfveggi með landnámslaginu og hinu dökka gjóskulagi Katla-R, frá 920 að talið er. Auk þess eru hér merki um stoðarholu. Á svæði F voru engar mannvistarleifar en á svæði G mjög raskaðar minjar sem erfitt er að tímasetja. Á svæði H við kirkjuna fundust mannvistarleifar frá miðöldum en miklu hafði verið raskað. Athygli vakti hve umfangsmikið minjasvæðið er í túninu kringum Lambhús og þó sérstaklega hve ríkt það er að minjum frá landnámi og miðöldum. Fjöldi gripa (206) fannst við uppgröftinn: leirker, gler, brýni, bökunarhella, kvarnasteinar, brýni, krítarpípur, járn og fleira sem enn er ógreint.

English Summary


The widening of the driveway to Bessastaðir in the summer of 2018 was halted when archaeological remains were discovered. Cultural deposits had been dug through north of the driveway and disturbed, where Lambhús farm stood before. The trench was 291.73 m in length and 4.5–6 m wide, and unfortunately the remains were damaged. Cultural deposits could be seen in about 144 m in length in the trench. In addition, three trenches were dug north of the church at Bessastaðir. For oversight, the trench was divided into seven sections, and given the letter names A, B, C, D, E, F, and G. Width was about 3–5 m and the thickness of the cultural deposit layers were from 40 to 80 cm. The earliest cultural remains were from the 10th and the most recent from the 19th century. Several different structures and remains were discovered, such as turf walls, stone foundation, cultural layers, middens, fireplaces, peat ash layers, cooking and charcoal pits, which suggest at least 20 different structures in the area. The most extensive remains were in areas A and B. A had cultural deposit from various times, from the 10th–18th century. Several structures were discovered there, and three turf walls emerged from at least three different periods, the earliest from the 10th century. In area B, many fireplaces, charcoal pits, middens, burnt layers, and turf walls were found. The remains appear to be from the 10th–13th century. In area C, a stone foundation that may be from a wooden house was found. The remains may be the foundation for the star observatory at Lambhús from the end of the 18th century or a contemporary house to it. In area D cultural deposits from the 17th to 19th century were found that had been severely disrupted. Structure from the middle ages were found underneath them. Below the structure there were two cooking pits from the 10th century. In area E cultural deposits from the 10th century were found. The excavator had largely dug into sterile soil and remains were lost. In situ in a 28 m section, however, it was possible to see cultural layers, posthole and turf walls with the landnámstephra in it as well as the dark tephra from Katla-R, dated to 920. In area F there were no cultural deposits but in area G there were remains that had been disturbed which was difficult to date. In area H near the Church, cultural deposits were discovered from the middle ages. Attention was drawn to how extensive the cultural area is in the field around Lambhús, and especially how rich it is in the remains from the settlement period and middle ages. Several artefacts (206) were found; pottery, glass, whetstones, clay pipes, and iron among other artefacts.



Mynd 3. Móakot, Seltjarnarnesi. Drónamynd af uppgriftarsvæðinu við lok rannsóknar. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

2.2 Móakot, Nesi við Seltjörn

Leyfishafi: Gavin Murray Lucas	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2015040125	Númer Þjóms: 2018-55
Staðsetning: A 353755 N 409714	Póstnúmer: 170 Seltjarnarnes
Vettvangsrannsókn hófst: 13.8.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 24.8.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Markmið rannsóknarársins 2018 var að ljúka við að grafa þrjár byggingar, D, E og F, sem tilheyra eldri byggingarstigum á bæjarstæðinu. Byggingarnar komu fyrst í ljós á fyrri árum rannsóknarinnar. Markmiðunum var að mestu náð fyrir utan að uppgræfti á byggingu F er ekki að fullu lokið. Stefnt er á að það verði fyrsta verk á næsta uppgriftarmissemi.

Helstu niðurstöður vettvangsrannsóknar árið 2018 eru eftirfarandi:

1. Mannvirki D var lítið rými sem sennilega var notað sem geymsla en gengið hefur verið inn í rýmið utan frá. Gólfíð var mikið raskað en hefur verið lagt með hellum að hluta og í suðvestur horni þess fundust skelja-, móösku- og kolalög á afmörkuðu svæði.
2. Hlutverk mannvirkis E er nokkuð óljóst en það gæti verið útisvæði, á milli tveggja bygginga, eða breiður langur gangur eða aflangt rými. Upp við austurvegg þess var lítið og grunnt eldstæði sem innihélt móösku og kol. Við suður-enda mannvirkisins er torfveggur sem hefur verið byggður síðar en sunnan við vegginn er að finna annað rými sem svipar til rýmis F. Tilgang rýmis E og tengsl þess við F á eftir að skoða nánar.
3. Mannvirki F er lítið rými með þröngum gangi austast. Rýmið var lagt steinhellum og í því var að finna brotakenndar leifar af eldstæði við vesturvegg, til móts við innganginn.

Í torfveggjum mannvirkjanna þriggja er að finna gjósku úr Kötlu 1500 en út frá gjóskunni og aldursgreiningu á leirkerabrotum eru þessi mannvirki frá 16.- 17. öld. Undir þeim er hins vegar að finna eldri mannvistarleifar.

Áætlað er að halda rannsóknum áfram árið 2019 og ljúka uppgrefti á þessum byggingarfasa á bæjarstæðinu og leggja áherslu á mannvirki E og svæðið austan við það.

English Summary

The aims of this season were to complete the excavation of three earlier buildings exposed in previous years (structures D, E and F). This was largely achieved although one of the buildings (F) remains to be fully recorded. That will be the first task of the next season.

The main conclusions are the following:

1. Structure D was a small room, probably used for storage and was only accessible from the outside. Its floor surface had been disturbed but seems to have been laid with large flags, at least in part. Shell, peat ash and charcoal deposits were found in a small enclosure at the southwest corner of the room.
2. Structure E is somewhat ambiguous; it could be an external space between two buildings but more likely it is a wide axial corridor or longer space divided into two rooms. At the south end was a turf wall which was a later build, separating E from a similar space connected to structure F which had also been damaged by later structure (C). The exact nature of E and its relation to F remains to be resolved
3. Structure F is a small room with a narrow passage connected to a wide space south of E; it had a flagged surface and a possible robbed out hearth on its western wall, opposite the entrance.

Precise dating of these structures remains to be obtained but 1500 tephra in the turf walls and ceramic finds suggest a 16th - 17th century date. There are however earlier remains to be found underneath these structures.


The intention is to return in 2019 and complete the excavations of this phase of buildings, focusing especially on structure E and the area to the east of E.



Mynd 4. Suðurgata 6, Reykjavík, suðursnið. Ljósmynd: Howell M. Roberts.

2.3 Suðurgata 6, Reykjavík

Leyfishafi: Howell M. Roberts	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018100052	Númer Þjóms: 2018-82
Staðsetning: A 356769 N 408232	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 15.10.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 23.10.2018
Tegund rannsókna: framkvæmda- eftirlit	Aðferð: blönduð aðferð



Markmið verkefnisins var að hafa eftirlit með og skrásetja jarðvegsskipti á svæðinu til þess að hægt sé að setja þar nýjar undirstöður fyrir bílastæði sem fyrirhugað er að byggja.

Dýpt jarðlaganna var mest 70 cm frá núverandi yfirborði í austurhluta uppgrafarsvæðisins en varð grynna eftir því sem vestar dró (ofar í brekkuna).

Rannsóknin fór fram í kjölfar skilmála frá Minjastofnun Íslands.

Í frumrannsókn kom í ljós að á svæðinu er að finna mannvistarlög, þ.e. viðarkolarík móöskulög með brenndum beinum, glerbrotum og leirkersbrotum, frá 18.-19. öld í bland við áfokslög. Jarðlögin komu í ljós á u.þ.b. 60 cm dýpi við Suðurgötuna en urðu grynri og ógreinilegri ofar í brekkunni. Undir þessum mannvistarlögum komu í ljós 1) áfoksjarðlög í eystri hluta svæðisins og 2) grá leirblönduð jarðlög í vesturhluta þess (ofar í brekkunni).

Engar fleiri mannvistarleifar komu í ljós við eftirlitið. Það eru líkur á því að eldri mannvistarlög leynist á meira dýpri, nálægt Suðurgötu. Uppgreftir sem farið hafa fram nálægt svæðinu gefa til kynna að eldri mannvistarleifar gætu legið á 1,5-2 metra dýpi frá núverandi yfirborði.

English Summary

The purpose of the work was to monitor and record the removal and replacement of turf, topsoil and surface parking, such that a new frost-free foundation for paving can be constructed.

This is proceeded to a depth of 70 cm from the modern ground surface at the eastern limit of the site, becoming shallower towards the west (upslope).

The work was carried out following a condition imposed by Minjastofnun Íslands.

Preliminary examination indicated diffuse midden deposits from the 18th - 19th centuries, in a matrix of windblown silt. These were present to a depth of circa 60 cm at the street frontage of Suðurgata, becoming shallower and more diffuse upslope. Underlying these deposits were 1) sterile windblown silts at the eastern part of site and 2) grey clay silt and gravels at the western (upslope) limit of site.


No further remains came to light. It remains possible (or even likely) that deposits of archaeological interest might be encountered at a greater depth, close to Suðurgata. Discoveries in close proximity to the site suggest that older remains could be encountered 1.5-2 m below the modern ground surface.



Mynd 5. Steinbryggjan, Reykjavík. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.

2.4 Steinbryggja, Reykjavík

Leyfishafi: Howell M. Roberts	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018050172	Númer Þjóms: 2018-33
Staðsetning: A 357048 N 408385	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 25.6.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 31.10.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmda-rannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið vettvangsrannsóknarinnar var að hafa eftirlit með yfirborðsfrágangi á svæðinu sem nær frá gatnamótum Pósthússtrætis, Tryggvagötu, Steinbryggju, þaðan alla Steinbryggju og Tryggvagötu í austur að Lækjargötu auk Bæjartorgs vegna frárennslis-, raf- og pípulagna og skrásetja þær minjar sem komu í ljós við þá vinnu.

Í ljós kom elsti hluti Steinbryggjunnar og var hann mældur upp og ljós-myndaður eins og hægt var vegna skurða og lagna sem þveruðu svæðið. Þá mátti sjá hvar hleðslan hefur verið rofin vegna lagnaskurða. Þannig voru tengsl Steinbryggjunnar og hafnargarðs frá 1915 rofin af lagnaskurðum en líklegt er að hafnargarðurinn hafi verið byggður upp að bryggjuhleðslunum enda ná þær óslitnar aftur fyrir hafnargarðinn.

English Summary

The purpose of the research was to monitor groundworks and road/services renewal in and around the road junction of Tryggvagata/Pósthússtræti. Documentary and cartographic sources suggested the likelihood of remains from the harbour front and a stone pier (Steinbryggja) dated between 1880-1915.


These were indeed uncovered - and subsequently cleaned and recorded. Both the stone pier and harbour front had been damaged by later services (sewers, hot/cold water pipes, electricity etc), but a substantial portion of the stone pier remained in good condition, in situ north of the road junction. This was reburied and will be incorporated into a new road layout in 2019.



Mynd 6. Loftmynd af Naustatorgi í Reykjavík við rannsókn. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

2.5 Naustatorg við Tryggvagötu í Reykjavík

Leyfishafi: Lísabet Guðmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018120042	Númer Þjóms: 2018-92
Staðsetning: A 356808 N 408593	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 18.12.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 20.12.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmda-rannsókn	Aðferð: hreinsun sniðs



Markmið rannsóknarinnar var að fylgjast með framkvæmdaraðila grafa fyrir stöpli vegna listaverks sem reisa á á Naustatorgi, og skrá. Við gröft komu í ljós tvær hleðslur. Önnur þeirra var 6,9 m á lengd og hlaðin úr tilhöggnu grjóti. Undir tilhöggna grjótinu var grunnur hússins, púkk úr ótilhöggnu lábörðu grjóti. Ekki er ljóst hvaða mannvirki þessi grunnur tilheyrði. Um 3 m norðvestan við hleðsluna var brot af annarri hleðslu, einnig tilhöggvið grjót og púkk. Sú hleðsla var 2 m á lengd og um 0,4 m á breidd með húsgrunni. Þessi hleðsla tilheyrir annarri byggingu en fyrri hleðslan. Hleðslunum hefur verið raskað vegna síðari tíma framkvæmda. Þær voru ekki fjarlægðar, mokað var yfir þær á nýjan leik.

English Summary

The aim of this research was to do a briefing while a foundation for an artwork was being dug in Naustatorg in central Reykjavík. During excavation two stone foundations were discovered, both from the 19th century. One of them was about 6,9 m in length and was made from worked basalt stones. The other was about 3 m NW of the first foundation. The preserved length of the foundation was 2 m in length and about 0,4 m wide. Both foundations have been disturbed by modern construction work.



Mynd 7. Undirstöður grunna verslunarhúsa í Hafnarstræti 18, Reykjavík. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

2.6 Hafnarstræti 18, Reykjavík

Leyfishafi: Lilja Björk Pálsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018120026	Númer Þjóms: 2018-91
Staðsetning: A 357095 N 408316	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 18.12.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 14.2.2019
Tegund rannsóknar: framkvæmda-rannsókn	Aðferð: uppgröftur



Á lóðinni stendur yfir endurbygging á verslunarhúsum frá 18. öld. Bæta á við kjallara undir þau með tilheyrandi jarðraski. Að kröfu Minjastofnunar Íslands var framkvæmdavakt á staðnum á meðan steipt plata og aðrar yngri minjar húsanna voru fjarlægðar. Í framhaldi af þeirri vinnu fór fram fornleifauppgröftur á minjum sem komu í ljós undir verslunarhúsunum. Grafnar voru í allt leifar sex húsa en einungis undirstöður tveggja þeirra voru heilar eða heillegar. Undirstöður grunna hinna húsanna höfðu verið skornar og færðar úr lagi af síðari tíma umsvifum á svæðinu, m.a. þegar verslunarhúsin sjálf voru reist. Líklega eru minjarnar frá fyrri hluta 18. aldar og síðar.

Þó nokkuð af dýrabeinum komu í ljós, aðallega fiskbein. Jarðlög voru almennt mikið röskuð, þar voru móösku- og viðarkolablönduð torflög en einnig voru malarlög einkennandi fyrir svæðið. Þá fundust ýmsir gripir við uppgröftinn; leirker af ýmsum gerðum, lampa- flösku- og rúðugler auk múrsteina og annars byggingarefnis.

English Summary

Reconstructions on the late 18th century merchants' buildings on the Hafnarstræti 18, Reykjavík plot is scheduled for adding a cellar to the buildings. The Cultural Heritage Agency ruled that a machine brief was necessary during the demolition of a concrete floor and more recent additions of the original buildings. Once those remains had been removed, earlier structures were visible beneath. The CHA then decided on a complete excavation of the site. In all, remains of six buildings were excavated, however, only two of them were more or less complete. Other structures had been truncated by later activity on the site, including the construction of the merchant's buildings. It is likely that most of the remains excavated are from the early 18th century and later.


Some animal bones were retrieved, mostly fish bone. Deposits were mainly mixed turf with peat ash and charcoal although gravel was quite dominant. Various artefacts were retrieved; such as pottery, window- lamp- and bottle glass along with brick and other building materials.



Mynd 8. Lækjargata 12, Reykjavík. Eystri langveggur skálans, sem hefur verið raskað verulega vegna seinni tíma framkvæmda. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

2.7 Lækjargata 12, Reykjavík. Framhaldsrannsókn vegna framkvæmda

Leyfishafi: Lísabet Guðmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018050131	Númer Þjóms: 2018-27
Staðsetning: A 356985 N 408115	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 18.5.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 30.7.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmda-rannsókn	Aðferð: uppgröftur



Markmið rannsóknarinnar var tvíþætt. Í fyrsta lagi að rannsaka mannvirki 2 sem var sunnan við bankabyggingu og fór hluti hennar undir gangstétt. Í öðru lagi grafa upp torfveggi skálabyggingar ásamt svæði vestan við hana vegna framkvæmdanna. Hægt var að grafa um 0,5 m til viðbótar af mannvirki 2 og leiddi það í ljós eldstæði sem var margfasa, ásamt stétt sem hefur verið umhverfis eldstæðið. Því miður var búið að raska mannvirkinu að austanverðu undir gangstétt með seinni tíma framkvæmdum.

Auk þess að grafa upp mannvirki 2 voru torfveggir skálans fullgrafnir ásamt ruslahaug. Torfveggir voru margfasa en allir strenghlaðnir. Augljós ummerki voru eftir lagfæringar. Í ruslahaug var mikið magn af beinum ásamt eld-sprungnu grjóti.

English Summary


The aim of this research was to fully excavate structure 2 which was on the southern side of the site and was partly excavated in 2015. And, also finish excavating the turfwalls of the longhouse which was also excavated in 2015. Only a part of structure 2 was preserved since parts of it had been removed when work was done on the pavement of Lækjargata. The excavation of the walls shed a light on the phasing of them and that they had been repaired over time and changed. West of the longhouse was a small midden which was partly excavated.



Mynd 9. Þingholtsstræti 25a, Reykjavík. Ljósmynd: Lilja Björk Pálsdóttir.

2.8 Þingholtsstræti 25a, Reykjavík

Leyfishafi: Lilja Björk Pálsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018110016	Númer Þjóms: 2018-88
Staðsetning: A 357139 N 407978	Póstnúmer: 101 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 6.12.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 19.12.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmda-rannsókn	Aðferð: uppgröftur



Til stendur að útbúa almenningsgarð á lóð Þingholtsstrætis 25a þar sem m.a. verða leiktæki, bekkir og göngustígar. Framkvæmdunum fylgir jarðrask og var því framkvæmdavakt á staðnum að kröfu Minjastofnunar Íslands á meðan jarðvegsskiptin fóru fram. Heimildir voru um að skúrar hefðu staðið á lóðinni snemma á 20. öld og búist var við að túngarður Skálholtskots kæmi í ljós við framkvæmdirnar. Ekkert sást hins vegar til túngarðsins eða kofanna enda mikið rask búið að eiga sér stað á lóðinni, m.a. hafði sá hluti lóðar þar sem helst var að vænta túngarðsleifa verið hellulagður og þykkt sandlag lagt þar undir. Einnig hafði þó nokkur trjágróður verið á þessum hluta. Hins vegar komu í ljós þó nokkuð mikið hreyfð ruslalög með móösku og viðarkolum en í þeim var að finna m.a. ýmislegt plast.

English Summary

A new, public area is planned on the site where pavings, benches and play area for children will be put. This entails considerable soil changing with risk to possible archaeology on the site. An archaeologist was present on a watching brief during the machining as requested by Minjastofnun Íslands.

Small sheds from early 20th century are known to have been on the site from written sources, as well as a field boundary from the small farm of Skálholtskot cottage. No remains of these structures were found as the site has gone through severe disturbance in the 20th century. The only archaeological remains found were heavily disturbed midden deposits, with peat ash and charcoal. These were littered with various plastic.



Mynd 10. Hópmynd af nemendum og leiðbeinendum eftir opnun svæðis A í Árbæ í Reykjavík, tekin á fyrsta degi uppgrافتar. Ljósmynd: Margrét Björk Magnúsdóttir.

2.9 Fornar rætur Árbæjar í Reykjavík

Leyfishafi: Sólrún Inga Traustadóttir	Fyrirtæki/stofnun: Borgarsögusafn Reykjavíkur og Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2016060078	Númer Þjóms: 2018-19
Staðsetning: A 362653 N 404777	Póstnúmer: 110 Reykjavík
Vettvangsrannsókn hófst: 3.5.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 7.9.2018
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsókna í Árbæ er tvíþætt. Annars vegar að rannsaka búsetusögu býlisins og hins vegar að miðla fornleifarannsókn inni á safni til safngesta með fjölbreyttum miðlunarleiðum. Jarðsjármælingar í Árbæ fóru fram: 3.- 4. maí, 3.- 4. sept. og 6.- 7. sept. 2018.

Uppgröftur fór fram á tveimur svæðum frá 7. maí - 1. júní 2018.

Jarðsjármælingar fóru fram á og við uppgrافتarsvæði A en einnig umhverfis kirkjuna og austan og norðan við Árbæ. Alls á um 725 fermetra stóru svæði.

Mælingar voru gerðar með 25 cm millibili með notkun jarðsjár og GPS.

Opinn uppgröftur fór fram austan við núverandi bæjarhús Árbæjar, á svæði A sem var opnað sumarið 2017. Svæðið var stækkað til suðurs og austurs og er nú 10 x 10 m að stærð. Einnig var opnað svæði við smiðjuna þar sem gamli öskuhaugur bæjarins er staðsettur. Svæðið fékk bókstafinn B og er 9 x 5 m að stærð. Svæði A - Austan við hús Árbæjar. Svæðið sem um ræðir er raskað af seinni tíma framkvæmdum sem fóru fram á 20. öld. Svæðið var stækkað í ár og var því að mestu grafið á nýstækkaða svæðinu mannvistarlög frá fyrri hluta 20.- 17. aldar líkt og á árinu áður. Í ljós komu ruslög, djúpur pyttur (nú tíma), torflög og hluti af mannvirki 3 sem kom í ljós sumarið 2017. Mannvirkið samanstendur af gulum torfvegg sem inniheldur mikið af K-1500. Undir veggnum er K-1500 *in situ*. Mannvirkið er túlkað sem útihús eða gerði frá um 16. öld en áætlað er að grafa bygginguna á næsta ári. Í sniði í pyttinum kom margt áhugavert í ljós. Þar mátti greina torfvegg með 1226 gjósku og gólf í tengingu við hann. Greinilegt er

að hér er um að ræða nýja byggingu sem bætist við þær sem nú þegar hafa komið í ljós á bæjarstæðinu. Ljóst er að hún hefur verið í notkun á milli 1226 og 1500. Undir 1226 *in situ*, sem einnig sást í sniðinu, mátti sjá mannvistarlög um 40 cm þykk þar sem LNL var í torfi neðarlega ásamt mögulegu litlu eldstæði.

Pytturinn var 1 m að dýpt og náði niður í óhreyfðan jarðveg.

Svæði B – Öskuhaugur. Út frá gjóskulögum í borkjörnum sem teknir voru í hauginn sumarið 2017 mátti greina að haugurinn hafi verið í notkun frá því fljótlega eftir árið 1500 til 20. aldar þegar bærinn var yfirgefinn. Haugurinn samanstendur af móöskulögum með blöndu af torflinsum inn á milli. Í honum var að finna töluvert af gripum og dýrabeinum.

Helstu gripir frá báðum svæðum: Járnnaglar ýmiskonar, hnífar, dýrabein, hvít-leir, postulín, pottabrot úr rauðleir, gler, koparhnappar og þynnur, koparskraut og sylgja eða næla, hluti úr skósóla með koparnöglum sem fór beint í meðhöndlun hjá forverði á Þjóðminjasafni.

Alls voru varðveittir 300 fundir sem flestir hafa verið skráðir í Sarp.

English Summary

The aim of the research at Árbær is twofold: 1) to investigate the history of inhabitation on the site b) to communicate the excavation and the information derived from it to the guests of the museum.

Geophysical survey took place 3.- 4. May, 3.- 4. September & 6.- 7. September 2018.

Open excavation took place 7. May - 1. June 2018 in two areas; A & B.

Geophysical survey was undertaken in and around excavation area A, north and east of the farmhouse and around the church. This area amounts to 725 square meters in total.

Open area excavation took place east of the farmhouses at Árbær, where area A was reopened and extended to the east and south side. It is now 10 x 10 m in size. Another area was opened west of the smithy, where the old midden is located. The area was named Area B and is 9 x 5 m in size.

Area A - East of Árbær farmhouse. The area in question has been truncated several times during the 20th century. Most of the deposits excavated during May 2018 were situated in the extended area and have been dated from 17th - 20th century. Rubbish dumps, turf-deposits and a modern cut were amongst the layers and features excavated this season. Structure 3 (from the year before) was not fully exposed and will be excavated next season. The structure consists of a yellow turf wall containing a large quantity of K-1500 tephra. The wall is situated directly on top of K-1500 tephra *in situ*. The structure appears to be the remains of an animal enclosure or an outhouse. The profile in the modern cut gave some interesting insight into the stratigraphy of the area. A turf wall containing 1226 tephra and a possible associated floor deposit lies under K-1500 tephra. This structure is a nice addition to the ones that are already known in the area. In the profile of the pit the 1226 tephra *in situ* is visible throughout the whole profile and under it lies thick cultural deposits of approx. 40 cm in depth that consist of a possible hearth and a turf collapse deposit containing the Landnám tephra. The pit was about 1 m in depth and has been cut all the way down to sterile ground.

Area B - The old midden. The midden lies on top of K-1500 tephra and was probably in use right after the year 1500 AD until the 20th century when the farm was abandoned. It consists of peat ash, ash, charcoal, animal bones and turf/peat. Artefacts retrieved from both sites consist mainly of iron nails of different sorts, glass, pottery (whiteware, redware, porcelain and others), knives, metal objects like buttons & a buckle and leather shoe sole with copper nails.



Mynd 11. Horft yfir framkvæmdasvæðið við Mosfellskirkju. Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir.

2.10 Bílapan við Mosfellskirkju í Mosfellsdal

Leyfishafi: Ragnheiður Traustadóttir	Fyrirtæki/stofnun: Antikva ehf.
Rannsóknarnúmer: 2018060015	Númer Þjóms: 2018-34
Staðsetning: A 372677 N 411855	Póstnúmer: 271 Mosfellsbær
Vettvangsrannsókn hófst: 5.6.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 8.6.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmda-rannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsóknarinnar var að rannsaka minjar á bílapaninu við Mosfellskirkju sem komu í ljós vegna framkvæmda og meta umfang þeirra, ástand og aldur. Helstu niðurstöður voru þær að þrátt fyrir mikla röskun fyrri framkvæmda við byggingu á Presthúsi sem þar stóð á 20. öldinni og þá röskun sem átti sér stað við framkvæmdir nýja bílplansins er þar að finna heillegar minjar og vel varðveitt mannvistarlög frá ýmsum skeiðum búsetu á Mosfelli.

Rannsóknin leiddi í ljós mannvistarleifar frá 10. til 13. öld sem gengu undir veginn að norðanverðu við kirkjugarðinn. Á umfangsmesta minjasvæðinu sem er austan við kirkjuna fundust leifar af torfveggjum, gólfögum og öðrum mannvistarlögum frá landnámi fram á 15. öld.

Ekki kemur á óvart að á svæðinu sé að finna fornleifar enda var þetta bæjarstæði Mosfells til langs tíma. Rannsóknin sýndi mannvistarleifar allt aftur á landnám og fram á 19. öld. Ýmsir gripir frá búsetu á 19. og 20. öld fundust, s.s. leirker, gler og járnmunir. Þrír gripir fundust frá miðöldum, rauður jaspis, innflutt brýni og bökunarhella. Bæjarstæðinu hefur verið raskað í gegnum tíðina með hinum ýmsu framkvæmdum á 20. öld og er því mikilvægt að huga vel að þeim minjum sem þarna eru. Geta þær sagt mikla sögu sem vert er að rannsaka enn frekar. Nauðsynlegt er að tryggja að þær minjar verði rannsakaðar í heild til að tryggja samhengi þeirra á þessum sögufræga stað.

English Summary

The research aim was to investigate remains that came to light in the parking lot by Mosfellskirkja and assess their extent, condition and age. The main conclusions were that despite the major disruption of previous constructions, such as the building of Presthús in the 20th century, and the disruption that occurred during the construction of the new parking lot, there are a lot of remains and cultural layers from different periods of settlement at Mosfell.

The research revealed cultural layers from 10th to the 13th century which went under the road to the north of the area by the cemetery. At the most extensive area of remains, which was east of the church, traces of turf walls, floor layers and other cultural layers were found from settlement until the 15th century.

It is not surprising that the area is home to archaeological remains, as Mosfell has been a farmstead for a long time. The research showed cultural layers dated from the settlement era to the 19th century. Various artefacts of residence in the 19th and 20th centuries were found, such as ceramics, glass and iron. Three artefacts were dated to the Middle Ages: red jasper, imported whetstone and bakestone. The farmstead has been disrupted over the years by various construction projects in the 20th century, so it is important to consider the remains that are still there. They can tell a great story worth researching further. It is necessary to ensure that these remains are examined as a whole to ensure their context in this historical place.


3. Vesturland



Mynd 12. Drónamynd af könnunarskurði á Húsafelli. Í skurðinum sjást veggir myllunnar. Ljósmynd: Kevin Martin.

3.1 Mylla í Húsafelli

Leyfishafi: Kevin Martin	Fyrirtæki/stofnun: N/A
Rannsóknarnúmer: 2018090079	Númer Þjóms: 2018-79
Staðsetning: A 410705 N 467104	Póstnúmer: 320 Reykholt í Borgarfirði
Vettvangsrannsókn hófst: 22.10.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 25.10.2018
Tegund rannsókna: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Í október 2018 var framkvæmd prufurannsókn/uppgroftur á því sem eftir er af vatnsmyllu sem talin er hafa verið byggð og notuð á seinni hluta 19. aldar og þeirri 20.

Skurður, 6,5 m langur og 1 m breiður var grafinn yfir tóftina af mylluhúsinu. Minni skurður 2 m x 0.45 m var opnaður við lítinn klett þar sem líklegt er að mylluhjólið hafi verið. Steinar í hleðslu fundust sem taldir eru vera úr myllunni. 2-3 hæðir/raðir eru eftir (0.45 m). Vísbendingar um að efri hluti veggjarins hafi hrunið fram. Engir munir fundust sem taldir eru tengjast myllunni.

English Summary

In October 2018, a test excavation was conducted on the remains of a water powered mill which is believed to have been built and functioned during the latter part of the 19th century and early 20th century. A trench measuring 6.5 m long x 1 m wide was excavated across the remains of the millhouse. A smaller trench 2 m long x 0.45 m was excavated


against the natural rock outcrop where the mill wheel was likely located. A number of dry stone-built walls associated with the former mill house were uncovered surviving up to 2-3 courses in height (0.45 m). Evidence of a collapse of the upper walls and roof was interpreted from the deposits uncovered. No artefacts associated with the use of the mill house were recovered.



Mynd 13. Kvennabrekka. Rannsóknarsvæðið við lok rannsóknar. Ljósmynd: Ármann Dan Árnason

3.2 Kvennabrekka – framkvæmdarannsókn á garði

Leyfishafi: Ármann Dan Árnason	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2018080034	Númer Þjóms: 2018-68
Staðsetning: A 375637 N 505851	Póstnúmer: 371 Búðardalur
Vettvangsrannsókn hófst: 7.9.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 8.9.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: hreinsun sniðs



Fyrirhugað er að leggja ljósleiðara í Dalabyggð og samkvæmt drögum að lagna-leið var ljóst að ljósleiðarinn myndi rjúfa garð í landi Kvennabrekku. Því var haldið af stað til að grafa í garðinn að kröfu Minjastofnunar Íslands sem mótvægisáðgerð vegna ljósleiðarans. Markmiðið var að kanna gerð hans og aldur.

Garðurinn er gerður úr torfi með grjóti að utanverðu að vestan en ekki að austan. Líklega hefur verið grjótkjarni, allavega á þessum kafla en ekki er þó hægt að útiloka að grjótið í kjarnanum hafi upphaflega staðið ofan á garðinum en sigið ofan í hann síðar meir. Garðurinn hefur sennilega upphaflega verið um 1,5 m á breidd en er nú um 3 m breiður. Hlutverk hans hefur sennilega verið túngarður. Sýnin sem tekin voru reyndust ekki vera gjóska og því er líklegt að

um sé að ræða set úr mýrinni og því er ekki unnt að aldursgreina garðinn. Ef marka má *Sýslu- og sóknarlýsingu* sóknarinnar sem rituð var árið 1840 má ætla að garðurinn sé yngri en svo.

English Summary


The intention is to lay a fiber optic cable in Dalabyggð and according to design, the cut for the fiber optic cable will go through some kind of wall in the land of Kvennabrekka. For that reason, it was decided by the Cultural Heritage Agency, that a small trench should be dug through the "wall" to gain knowledge what kind of wall it is and its age. The wall is made from turf with stones on one side (W) but not the other (E). It is likely that the wall had a stone core, at least on the stretch that was excavated but it cannot be dismissed that the stones in the core had stood on the wall but when time went by the stones had sunk. When it was first made, the wall was probably 1,5 m wide but is now about 3 m in width. The wall is probably a boundary wall. The samples that were taken, turned not to be tephra so it is more likely to be sediment from the bog and for that reason it is not possible to date the boundary wall from tephra chronology. Judging by what is written in the book *Dalásýsla: sýslu- og sóknarlýsingar* that was written in the year 1840 the boundary wall is younger than 1840.



Mynd 14. Ólafsdalur. Ljósmynd tekin úr lofti af uppgriftarsvæðinu við lok uppgriftar. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

3.3 Ólafsdalur við Gilsfjörð

Leyfishafi: Howell M. Roberts	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2017090076	Númer Þjóms: 2018-26
Staðsetning: A 372735 N 548570	Póstnúmer: 371 Búðardalur
Vettvangsrannsókn hófst: 11.6.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 5.7.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur




Markmið rannsóknarinnar 2018 var að afhjúpa skálarúst sem tímasett hefur verið til víkingaaldar og undirbúa þannig fullnaðaruppgröft á mannvistarlögum á komandi árum. 266 fermetra uppgriftarsvæði var opnað og náði yfir alla bygginguna - innra byrði hennar og dálítið svæði umhverfis. Í ljós komu heillegar minjar byggingar sem samanstendur úr mörgum byggingarstigum og er alls 20 m löng og 9,6 m breið að utanmáli. Yngsta gólflagið nær yfir svæði sem er um 60 fermetrar en einnig voru skráðar 45 stoðarholur og stoðarsteinar ásamt milli-veggjum, eldstæði í einu horninu, líklegum sáförum og langeldi og hellulögðum inngangi. Mannvistarlög utan byggingarinnar eru m.a. öskuhaugur sem í eru eldsprungnir steinar, aska og brennd bein. Vísbendingar fundust um viðbyggingar að suðvestanverðu og norðaustanverðu og teygja þær sig út fyrir uppgriftarmörkin.

English Summary

The aim of the project in 2018 was to uncover the remains of a complete Viking Age Hall, in preparation for the full excavation of occupation deposits and features in following years.

An area of 266 m² was uncovered, comprising the entire main structure, its interior spaces, and a buffer zone of exterior space. This revealed the upstanding remains of a multi-phase building measuring in total 20 m in length and 9.6 m in width (externally). The latest floor surface measures some 60 m² in area, 45 post-holes and post-stones were recorded, along with internal divisions, a corner oven, probable barrel pits, a likely longfire, and a paved entrance. External deposits include a midden containing fire-cracked stone, ash and burnt bones. A number of ancillary structures were also identified to the southwest, and northeast, and extend beyond the current excavation area.


4. Vestfirðir



Mynd 15. Flatey á Breiðafirði. Orthografísk yfirlitsmynd af flaki Melckmeyt. Mynd: John McCarthy.

4.1 Flak Melckmeyt við Flatey á Breiðafirði

Leyfishafi: Kevin Martin	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2016040098	Númer Þjóms: 2018-69
Staðsetning: A 317840 N 547732	Póstnúmer: 345 Flatey
Vettvangsrannsókn hófst: 1.10.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 9.10.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Í október 2018 fór fram neðansjávarrannsókn á flakinu Melckmeyt, en þessi vikulanga rannsókn var framhald af fyrri rannsóknum frá 2016. Rannsóknin er hluti af þriggja ára rannsóknarverkefni er kallast *Commodity Entanglement: The Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787* og er fjármagnað af Rannís. Melckmeyt er einstök í íslenski fornleifafræði en flakið er eina þekkt kaupskipaflakið frá tímum Einokunarverslunarinnar. Neðansjávarrannsóknin 2018 var alþjóðlegt samstarfsverkefni milli neðansjárforfnleifafræðinga og kafara frá Íslandi og Flinders University í Ástralíu. Stjórnandi rannsókna var Kevin Martin (Háskóli Íslands) en með honum voru John McCarthy (Flinders University), Fraser Cameron (Dive Expeditions Iceland) and Héðinn Þorkelsson (Diving Island). Í rannsókninni árið 2018 var áhersla lögð á tvö svæði: 1) Svæðið milli undirstöðu mastursins (mast step), sem fannst árið 2016, og yngra flaks skipsins Charlotte og 2) svæðið norðan flaks Charlotte. Á fyrra svæðinu afhjúpuðum við meira af kili og burðarvirki skipsins. Á seinna svæðinu, norður af flaki Charlotte, voru teknir prufuskurðir til að freista þess að finna fulla lengd flaks Melckmeyt en skipið hefur verið talið hafa verið 32 m langt. Ekki reyndist unnt að finna frekari leifar Melckmeyt í prufuskurðunum en það er talið vera vegna fyrri aðgerða á flakinu, niðurbrots eða bæði í bland. Lítið magn gripa fannst við rannsóknina en þar með talið voru nokkur 19. aldar leirkersbrot og múrsteinn í ballast-haug Melckmeyt.

English summary

In October 2018, a weeklong underwater archaeological survey of the ship Melckmeyt was carried out and was the continuation of a previous survey from 2016 as part of a three year Rannís funded research project entitled *Commodity Entanglement: The Archaeology of the Danish Trade Monopoly 1602-1787*. Melckmeyt is unique in the Icelandic archaeological context, in that, it is the only known shipwreck of a merchant ship from this period to have been identified in Iceland. The underwater survey was an international collaboration between maritime archaeologists and diving specialists from Iceland and Flinders University in Australia. The project was led by Kevin Martin (University of Iceland) and the team included John McCarthy (Flinders University), Fraser Cameron (Dive Expeditions Iceland) and Héðinn Þorkelsson (Diving Island). Our 2018 survey focussed on two main areas: 1) The area located between the mast step feature identified in 2016 and the wreck of the Charlotte and 2) the area north of the Charlotte wreckage. In the first area we exposed more of the keelson and frames of the ship and the outer edge planking. In the second area north of the Charlotte wreck we test pitted this area in an attempt to uncover the full extent of the Melckmeyt which was interpreted to be approximately 32 m long. The test pits proved unsuccessful in locating further remains of Melckmeyt north of the Charlotte wreck and this is interpreted to be either as a result of previous salvage, erosion or a combination of both. A small quantity of finds was recovered including a few pieces of 19th century ceramics and a piece of brick from one of the Melckmeyts ballast mounds.



Mynd 16. Bíldudalshöfn. Framkvæmdasvæðið séð til austurs. Ljósmynd: Óskar Leifur Arnarsson.

4.2 Framkvæmdaefirlit vegna gatnaframkvæmda við hafnarsvæðið á Bíldudal, Vestur-Barðastrandarsýslu

Leyfishafi: Óskar Leifur Arnarsson	Fyrirtæki/stofnun: N/A
Rannsóknarnúmer: 2018040134	Númer Þjóms: 2018-38
Staðsetning: A 288760 N 584075	Póstnúmer: 465 Bíldudalur
Vettvangsrannsókn hófst: 3.4.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 8.5.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmda-efirlit	Aðferð: uppgröftur



Vegna vinnu við gerð nýrrar vegtengingar að hafnarsvæðinu á Bíldudal árið 2018, fór Minjastofnun Íslands fram á framkvæmdaefirlit fornleifafræðings á meðan á jarðvegsvinnu stæði. Sveitarfélagið Vesturbyggð stóð að framkvæmdinni. Framkvæmdasvæðið var ca. 250 m².

Vitað var að þarna innanvert á Bíldudalseyrinni stóðu verslunarhús einokunarverslunarinnar á Bíldudal. Þegar einokunarverslunin var lögð niður hélst verslun áfram á staðnum. Þéttbýlismyndun hófst á Bíldudal á seinni hluta 19. aldar og mikil uppbygging var á svæðinu í lok 19. aldar þegar Pétur Thorsteinsson átti verslunina. Þá eru heimildir um að þýskir Hansa-kaupmenn hafi áður stundað verslun á Bíldudal og má gera ráð fyrir því að það hafi verið á sömu slóðum. Ekki hafði farið fram fornleifaskráning á umræddu svæði áður en framkvæmdir hófust.

Framkvæmdaefirlitið fór fram 30. apríl og 8. maí 2018. Notast var við stóra beltagröfu með sléttri skóflu til að fletta jarðlögum af svæðinu. Allur moldarkenndur jarðvegur var fjarlægður.

Helstu niðurröður eru að á svæðinu komu í ljós rusla- og uppfyllingarlög. Að hluta hafði svæðinu verið raskað við lagnaframkvæmdir á 20. öld. Í efri jarðvegslögum var mikið af allskonar málmrusli og má telja líklegt að það komi frá gömlu smiðjunni sem stendur 18 metrum fyrir ofan rannsóknarsvæðið.

Smiðjuna lét Pétur Thorsteinsson reisa í lok 19. aldar og var starfsemi þar fram yfir 1980. Þegar neðar dróg, komu í ljós eldri munir, leirkera-, krítarpípubrot o.fl.

English summary

In 2018, The Cultural Heritage Agency of Iceland decided that a watching brief was needed as part of construction road work, carried out at the harbour area at Bíldudalur, NW-Iceland.

This plot is historically known as the Bíldudalseyri trade post. The earliest historical records of foreign merchants (Hanseatic league) at Bíldudalur are from the late 16th century. Most likely this plot was already in use by then. During the Danish–Icelandic Trade Monopoly from 1604-1784, Bíldudalur was a registered harbour and the Danish merchant houses stood on this plot. As with many other Icelandic towns, the urbanization of Bíldudalur started after the middle of the 19th century and expanded after P. Thorsteinsson bought the trading post in late 19th century and started a modernized fishing industry in the area. The site had not been surveyed prior to the excavation.

The archaeological monitoring and rescue excavation work was carried out on the 30th of April and 8th of May 2018. A large excavator was used to remove layer by layer of the ca. 250 m² large area. All soil was removed down to stable gravel shore layer.

The main results are that in the excavated area mixed rubbish and landfill layers were found. The area had been partly disturbed because of pipe work during the 20th century. The upper layer had all kinds of metal debris and are most likely connected to the old smithy that stands 18 meters away. This smithy was built in the late 19th century and was in use until the 1980's. Further down, older artifacts of ceramic, claypipes etc. were found.



Mynd 17. Strandgata 1 á Bíldudal. Fyrir miðju má sjá veggi sem tilheyrir kjallara kaupmannshúss Péturs Thorsteinssonar frá síðari hluta 19. aldar. Rannsóknarsvæðið var milli kaupfélags-hússins og fiskvinnslu Arnarlax. Ljósmynd: Jón Ragnar Gunnarsson.

4.3 Strandgata 1 á Bíldudal

Leyfishafi: Óskar Leifur Arnarsson	Fyrirtæki/stofnun: N/A
Rannsóknarnúmer: 2018050164	Númer Þjóms: 2018-30
Staðsetning: A 288800 N 584100	Póstnúmer: 465 Bíldudalur
Vettvangsrannsókn hófst: 31.5.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 9.7.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Vegna vinnu við byggingu nýrrar vöruafgreiðslu og aðkeyrsluramps við suðvestur enda Strandgötu 1 á Bíldudal árið 2018, fór Minjastofnun Íslands fram á framkvæmdaefirlit fornleifafræðings á meðan á jarðvegsvinnu stóð. Arnarlax stóð að framkvæmdinni. Framkvæmdarsvæðið var ca. 270 m².

Vitað var að þarna innanvert á Bíldudalseyrinni stóðu verslunarhús einokunarverslunarinnar á Bíldudal. Þegar einokunarverslunin var lögð niður hélst verslun áfram á staðnum. Þéttbýlismyndun hófst á Bíldudal á seinni hluta 19. aldar og mikil uppbygging var á svæðinu í lok 19. aldar þegar Pétur Thorsteinsson átti verslunina. Þá eru heimildir um að þýskir Hansa-kaupmenn hafi áður stundað verslun á Bíldudal og má gera ráð fyrir því að það hafi verið á sömu slóðum. Ekki hafði farið fram fornleifaskráning á umræddu svæði áður en framkvæmdir hófust, en vísendingar um að þarna gætu leynst mannvistarlög komu fram við rannsókn sem undirritaður stjórnaði fyrir um sumarið [sjá 4.2] og fór fram um 30 metra suðvestur frá þessari rannsókn.

Framkvæmdaefirlitið fór fram á tímabilinu 31. maí til 9. júlí 2018. Fyrst var grafinn nyrðri hluti svæðisins vegna framkvæmda við vöruafgreiðslubygginguna og síðar syðri hlutinn. Notast var við stóra og litla beltagröfu með sléttri skóflu

til að fletta jarðlögum af svæðinu. Allur moldarkenndur jarðvegur var fjarlægður niður í náttúrlega mül sem þar var undir.

Helstu niðurstöður eru að á nyrðri hluta svæðisins komu í ljós rusla- og uppfyllingarlög. Að hluta hafði svæðinu verið raskað við lagna- og gatnaframkvæmdir á 20. öld, síðast árið 2016 þegar grafinn var háspennukapall þvert í gegnum svæðið. Í syðri hlutanum fóru framkvæmdir óvænt af stað án þess að fornleifafræðingi eða Minjastofnun væri gert viðvart þegar unnið var að því að leggja nýjan háspennukapal um rannsóknarsvæðið, vitandi að fornleifarannsókn stæði þar yfir. Þá kom í ljós hlaðinn og múraður kjallari sem tilheyrði íbúðarhúsi Péturs Thorsteinssonar frá síðari hluta 19. aldar, en það var sambyggt verslunarhúsinu. Líkur benda til þess að í grunninn sé kjallarinn í raun einhverjum áratugum eldri. Við rannsóknina fannst m.a. nokkur fjöldi keramik-, krítarpípu-, glerbrota o.fl. frá mismunandi tímum.

English summary

In 2018, The Cultural Heritage Agency of Iceland decided that watching brief was needed as part of building construction work, carried out at Strandgata 1a at the harbour area at Bíldudalur, NW-Iceland.

This plot is historically known as the Bíldudalseyri trade post. The earliest historical records of foreign merchants (Hanseatic league) at Bíldudalur are from the late 16th century. Most likely this plot was already used by then. During the Danish–Icelandic Trade Monopoly from 1604-1784, Bíldudalur was a registered harbour and the Danish merchant houses stood on this plot. As with many other Icelandic towns, the urbanization of Bíldudalur started after the middle of 19th century and expanded after P. Thorsteinsson bought the trading post in late 19th century and started a modernized fishing industry in the area. The site had not been surveyed prior to the excavation. But indications were found some weeks before on an excavation 30 metres away that this area had potential for finding archaeological remains.

The watching brief and excavation work was carried out from the 31st of May ‘till 9th of July 2018. Small and large excavators were used to remove layer by layer of the ca. 270 m² large area. All soil was removed down to stable natural gravel layer.


The main results are that in the northern part of the excavation area mixed rubbish and landfill layers were found. The area had been partly disturbed because of pipe, cable and road work during the 20th century, last time in 2016 when an underground high voltage power cable was installed through the area. In the south part of the area, the construction excavation work started without notifying the archaeologist or the Cultural Heritage Agency when the local power company was installing a new underground high voltage cable, knowing that an archaeological excavation was ongoing. The work stopped when a part of a wall was found. The wall has been interpreted as the basement from P.Thorsteinsson living- and merchant house from the late 19th century. Some indications are that the basement could even be some decades older. In the excavated area, pieces of ceramic, claypipes, glass etc. were found from different periods.



Mynd 18. Hafnarbraut 2, Bíldudal. Unnið að fornleifarannsókn á brotakenndum minjum norðvestan við kaupfélagshúsið (skrifstofur Arnarlax) á Bíldudal. Ljósmynd: Jón Ragnar Gunnarsson.

4.4 Hafnarbraut 2, Bíldudal

Leyfishafi: Óskar Leifur Arnarsson	Fyrirtæki/stofnun: N/A
Rannsóknarnúmer: 2018080035	Númer Þjóms: 2018-67
Staðsetning: A 288780 N 584095	Póstnúmer: 465 Bíldudalur
Vettvangsrannsókn hófst: 20.8.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 4.9.2018
Tegund rannsókna: framkvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Vegna lóðaframkvæmda og gerð bílastæða við skrifstofubyggingu Arnarlax að Hafnarbraut 2 á Bíldudal (Kaupfélagshúsið) árið 2018, fór Minjastofnun Íslands fram á framkvæmdaefirlit fornleifafræðings á meðan á jarðvegsvinnu stóð. Arnarlax stóð að framkvæmdinni. Framkvæmdasvæðið var ca. 300 m². Vitað var að þarna innanvert á Bíldudalseyrinni stóðu verslunarhús einokunarverslunarinnar á Bíldudal. Þegar einokunarverslunin var lögð niður hélst verslun áfram á staðnum. Þéttbýlismyndun hófst á Bíldudal á seinni hluta 19. aldar og mikil uppbygging var á svæðinu í lok 19. aldar þegar Pétur Thorsteinsson átti verslunina. Þá eru heimildir um að þýskir Hansa-kaupmenn hafi áður stundað verslun á Bíldudal og má gera ráð fyrir því að það hafi verið á sömu slóðum. Ekki hafði farið fram fornleifaskráning á umræddu svæði áður en framkvæmdir hófust, en vísendingar um að þarna gætu leynst mannvistarlög komu fram við rannsókn beggja vegna við umrætt rannsóknarsvæði sumarið 2018 [sjá 4.2 og 4.3].

Framkvæmdaefirlitið fór fram á tímabilinu 20. ágúst til 4. september 2018. Notast var við stóra beltagröfu með sléttri skóflu til að fletta jarðlögum af svæðinu. Nær allur moldarkenndur jarðvegur var fjarlægður niður í náttúrulega mól sem þar var undir.

Helstu niðurstöður eru að á svæðinu komu í ljós rusla- og uppfyllingarlög auk steinaraða sem eru leifar af einhverjum mannvirkjum eða byggingum sem þar hafa staðið. Samhengi þeirra var þó raskað vegna lagningar á nýjum háspennustreng um lóðina fyrr um sumarið. Ekki var haft samband við Minjastofnun Íslands og enginn fornleifafræðingur var viðstaddur þá framkvæmd. Að hluta hafði svæðinu einnig verið raskað við lagnaframkvæmdir á 20. öld. Við rannsóknina fannst m.a. nokkur fjöldi keramik-, krítarpípu-, glerbrota o.fl. frá mismunandi tímabilum.

English summary

In 2018, The Cultural Heritage Agency of Iceland decided that a watching brief was needed as part of construction work, carried out at Hafnarbraut 2, at the harbour area at Bíldudalur, NW-Iceland.

This plot is historically known as the Bíldudalseyri trade post. The earliest historical records of foreign merchants (Hanseatic league) at Bíldudalur are from the late 16th century. Most likely this plot was already used by then. During the Danish–Icelandic Trade Monopoly from 1604–1784, Bíldudalur was a registered harbour and the Danish merchant houses stood on this plot. As with many other Icelandic towns, the urbanization of Bíldudalur started after the middle of 19th century and expanded after P. Thorsteinsson bought the trading post in late 19th century and started a modernized fishing industry in the area. The site had not been surveyed prior to the excavation. But indications were found the same summer during two excavations on both sides of this one, that this area had potential for finding archaeological remains [see 4.2 and 4.3].

The archaeological monitoring and rescue excavation work was carried out from the 20th of August ‘till 4th of September 2018. A large excavator was used to remove layer by layer of the ca. 300 m² large area. Almost all soil was removed down to stable natural gravel layer.

The main results are that within the excavation area mixed rubbish and landfill layers were found as well as rows of stones that were part of some man-made structures or buildings. The area had been partly disturbed because of pipe and cable work during the 20th century, last time just some weeks before the excavation was carried out, when the local power company was installing an underground high voltage cable through the area without notifying the Cultural Heritage Agency or archaeologist. In the excavated area, pieces of ceramic, claypipes, glass etc. were found from different periods.



Mynd 19. Hleðslur af Langaskúr sem komu í ljós við höfnina á Bildudal. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir.

4.5 Framkvæmdir Arnarlax við höfnina á Bildudal

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2018070041	Númer Þjóms: 2018-54
Staðsetning: A 288838 N 584117	Póstnúmer: 465 Bildudalur
Vettvangsrannsókn hófst: 12.7.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 13.7.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Að beiðni Arnarlax var fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða við framkvæmdaefirlit þegar grunnur var stækkaður þar sem áður hafði staðið hluti af hraðfrystihúsinu á Bildudal.

Svæðið var stækkað um nokkra metra í átt á slökkvistöð bæjarins og í átt að kirkju. Einnig náði framkvæmdaefirlit yfir skurð þar sem færa átti rafmagnslagnir og ljósleiðara frá grunnni og nær kirkju. Fylgst var með gröfu þegar hún tók marga skurði í grunninn að ósk fornleifafræðings en minjavörður Vesturlands og starfandi minjavörður á Vestfjörðum Magnús A. Sigurðsson heimsótti svæðið á meðan framkvæmdaefirliti stóð. Ekkert kom fram við framkvæmdaefirlit á stærstum hluta svæðisins hvorki á því svæði sem húsið hafði staðið né heldur undir sverði aftan við kirkjuna og slökkvistöðina. Aðeins var um að ræða óhreyfða moldarblandaða sjávarmöl. Gerðir voru nokkrir skurðir til frekari athugunar en ekki fundust nein merki um mannvist nema alveg í útjaðri svæðis við Strandgötu en þar kom í ljós hleðsla. Hleðsla þessi er frá byggingu sem hét Langiskúr en í fornleifaskráningu sem Náttúrustofa Vestfjarða gerði vegna breytinga á deiliskipulagi svæðisins er hennar getið. Hleðslan sem fannst inn á

svæðinu var 12 m á lengd og var hæst um 70 cm við SA enda og um 40 cm við SV enda. Hleðslusteinar voru sléttir að framan. Nokkuð hefur horfið ofan af hleðslunni í SV endanum. Utan við húsið hefur verið lagður rafmagnskapall og ofan á honum er víður til að hlífa honum. Kapallinn gæti verið frá miðri síðustu öld. Síðar hefur steypa og pússning verði notuð til að styrkja hinn hlaðna grunn. Hleðslan var rofin af þró í SV enda og hvarf svo og í SA enda var hleðslan horfin vegna lagnaskurðar. Niðurstaða framkvæmdaeftirlitsins var að engar minjar er að finna innan fyrirhugaðs framkvæmdareits utan hleðslunnar frá Langaskúr. Hleðslan er 12 m af NV hlið skúrsins sem áður var 76 m á lengd. Saga hússins og staðsetning eru þekkt.

Hleðslan var mæld, hreinsuð fram og ljósmynduð.

English summary

Náttúrustofa Vestfjarða carried out a watching brief on a construction site in Bíldudalur because of developments on the old fishing plant in Bíldudalur. Few trenches were made in the foundation of a part of the house that had been demolished. Nothing was found there or in a trench that was made for cables that needed to be moved.


In the outskirts of the area a stone foundation from the south side of a house called Langiskúr was found. That house was once the longest house in Iceland. That house was 76 m and was built in 1897 and stood there until 1991. The foundation that was found was 12 m. The wall was cleaned, measured and photos taken.



Mynd 20. Skálinn á Parti í landi Auðkúlu. Ketildalir í baksýn. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir.

4.6 Auðkúla – Arnarfjörður á miðöldum

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2015060065	Númer Þjóms: 2018-62
Staðsetning: A 294193 N 592118	Póstnúmer: 466 Bíldudalur
Vettvangsrannsókn hófst: 30.7.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 1.9.2018
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Markmið rannsóknarinnar Arnarfjörður á miðöldum er að skoða þróun byggðar í Arnarfirði á landnámsöld og miðöldum. Rannsóknin hefur staðið yfir síðan 2011. Markmið þess hluta rannsóknarinnar sem fer fram á Auðkúlu er að skoða samspil, búsetu, iðnaðar og búskapar. Á svæðinu sem heitir Partur og er í landi Auðkúlu er að finna stóran skála, lítið bænhús, nokkuð umfangsmikið járnvinnslusvæði, ruslahaug, fjós og stóra smiðju og er markmiðið að skoða heildstætt samspil allra þeirra bygginga sem eru á svæðinu. Með rannsókninni er hægt að skoða hvernig fólk lifði í Arnarfirði á fyrstu öldum landnáms. Rannsóknin undanfarin ár hefur leitt í ljós umtalsverða járnvinnslu í Arnarfirði. Rannsóknin sumarið 2018 beindist að skálanum og öskuhaug við hlið hans. Niðurstaða sumarsins var að skálinn er mjög dæmigerður skáli sem er þó í stærra lagi. Skálinn er 23 m á lengd með langeld í miðju. Veggir eru aðallega úr torfi og grjót er komið í ljós á suðurhlið skálans. Herbergi er á norðurhlið hans. Uppgröftur er hálfnaður á skálanum og því mikið af upplýsingum sem eiga eftir að koma fram en markmið sumarsins að komast að stærð og formgerð skálans tókst vel. Skurður í öskuhaug skálans leiddi í ljós að varðveisla beina er mjög

góð vegna þess að öskuhaugurinn er í brekku þar sem vatn rann frá jarðveginum. Mikilvægar upplýsingar um mataræði íbúa skálans var því að finna í öskuhaug skálans.

Mikilvægt er að halda rannsókn áfram á skálanum.

Steinsetning sem fannst neðan við skálann 2017 var rannsökuð frekar sumarið 2018. Steinsetningin líktist mjög steinsetningum sem gerðar eru við heiðnar grafir. Engin merki fundust um líkamsleifar undir steinunum og því líklega aldrei verið kuml.

English summary

The aim of the research, Arnarfjörður in the Middle Ages, is to examine the development of settlements in Arnarfjörður during the settlement age and the Middle Ages. The research has been ongoing since 2011.

In Partur in Auðkúla there is a 23 m long house, a small church or prayer house, a fairly extensive iron production area, a midden, a barn, and a large smithy, and the aim of the research is to fully examine the interaction of all the buildings that are in the area.

With the research we hope to come closer to understanding how people lived in Arnarfjörður in the first centuries of settlement. The research in recent years has revealed considerable iron production in Arnarfjörður.

The research in the summer of 2018 focused on the longhouse and midden alongside it. The result of the summer was that the longhouse is very typical in shape, however, on a larger scale. The house is 23 m long with a longfire in the middle. Walls are mainly made of turf and stones are visible on the south side of the house. A room or an annex is on the north side. Excavation is only halfway through on the long house and therefore a lot of information has still to come to light. Excavation on the midden revealed that bone preservation is very good because the midden is on a slope where water flowed from the soil.

It is important to continue research on the longhouse and its surroundings.


A stone-setting was discovered in the summer of 2017 thought to be similar to those found in pagan graves. Further excavation in summer of 2018 revealed that it was not a pagan grave.



Mynd 21. Öskuhaugur á Bauluhúsum. Ljósmynd: Svavar Nielsson.

4.7 Verslun og hvalveiðar Hollendinga á 17. og 18. öld – Kirkjuból, Tjaldanes, Bauluhús og Hrafnseyri

Leyfishafi: Ragnar Edvardsson	Fyrirtæki/stofnun: Rannsóknarsetur HÍ á Vestfjörðum
Rannsóknarnúmer: 2017070067	Númer Þjóms: 2018-64, 2018-65, 2018-66, 2018-72
Staðsetning: A 296159 N 591904	Póstnúmer: 471 Þingeyri, 451 Patreksfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 1.8.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 1.9.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Grafið var í öskuhauga á þrem bæjarstæðum, Hrafnseyri og Baulhúsum í Arnarfirði og Kirkjubóli í Kerlingarfirði. Hætt var við uppgröft á Tjaldanesi. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að ná gripasafni, þ.e. krítarpípum, leirkerjum og gleri, úr öskuhaugum á völdum bæjarstæðum á sunnanverðum Vestfjörðum. Enn er verið að vinna með gripasöfnin en uppgröfturinn skráði gripi frá 17. - 20. öld.

English summary

The main aim of the 2018 fieldwork was to excavate into middens from selected farm sites to obtain find assemblages for the period 1600 - 1900. Analysis of the finds are still underway.



Mynd 22. Kleifar í Dýrafirði, steingólf í hjallinum. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir.

4.8 Kleifar í Dýrafirði, Súðavíkurbreppi

Leyfishafi: Margrét H. Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2018050095	Númer Þjóms: 2018-23
Staðsetning: A 321579 N 613864	Póstnúmer: 420 Súðavík
Vettvangsrannsókn hófst: 15.5.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 15.5.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Að beiðni Vegagerðarinnar gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifarannsókn á fjórum minjum sem verða fyrir áhrifum vegna lagfæringa og breytinga á þjóðveginum um Djúp í Hestfirði, Seyðisfirði og Álftafirði. Rannsóknin er gerð að kröfu Minjastofnunar Íslands.

Tvær rústir voru naust sem stóðu á Naustanesi sem er neðan við bæinn Kleifar. Naust 1. Naustið er tvö hólf og er annað mun greinilegra. Lengd þess er 7 m og breidd þess er 2 m. Sér í hleðslur.

Gerður var skurður í naustið til að kanna eðli og umfang rústarinnar. Eins og viðbúið er á Vestfjörðum þar sem ekki finnast gjóskulög var ekki hægt að aldursgreina naustið. Grafinn var skurður og í honum kom fram moldarlag undir grasrót með nokkru af mjög ungum gripum sem var að mestu aðfokið sorp frá hafi. Undir moldarlaginu sem var um 30 cm á þykkt var svo möl úr fjörinni.

Ekki er hægt að aldursgreina naustið vegna skorts á gjóskulögum á Vestfjörðum en það er dæmigert naust fyrir litla báta sem bændur á Vestfjörðum áttu. Naustið er grjóthlaðið með tveimur hólfulum og er annað gróið en vel sést í hleðslur á hinum hólfinu. Naustið er hlaðið út lágbörðu grjóti. Þegar hætt hefur verið að nota naustið um 1960 fyllist það af jarðvegi og rusl safnast inn í það. Naustið gæti verið gamalt að upplagi en ekki er nokkur leið að gera sér grein fyrir aldri þess þar sem svona naust voru notuð um alla Vestfirði langt fram á 20. öld og eru enn í notkun á sumum stöðum. Naustið skemmist mjög lítið við framkvæmdir.

Naust 2. Rústin er grafin niður í bakkann og sér í hleðslur sem eru farnar að gróa. Nærri rústinni er stór steinn. Annar veggur rústarinnar er greinilegur en gafl og hinn langveggurinn eru ógreinilegri. Grafinn var könnunarskurður í rústina miðja. Sama kom í ljós og í hinu naustinu, grasrót og mold með einstaka nýlegum gripum sem borist hafa líklega frá hafi. Undir því kom svo náttúruleg fjörumöl. Líklegt verður að telja að þetta sé líka naust, en rústin hefur eitt hól og er heldur breiðara en naustið við hliðina. Ekki var hægt að greina aldur en miðað við jarðlögin sem kom í ljós eru mjög sterkar líkur á að um naust sé að ræða, mögulega einhvers konar geymslu sem hefur ekki haft neitt gólf. Rústabunga. Grafinn var skurður í miðja rústina og kom í ljós undir grassverði moldarlag sem var áfokslag. Undir því var svo steinahleðsla og greinilegt að steinum hefur verið raðað til að mynda gólf. Steinarnir voru teiknaðir og síðan fjarlægðir og undir þeim var óhreifit jarðlag. Greinilegt var að þarna voru leifar af hjalli sem hefur haft steinlagt gólf en að öðru leiti verið út timbri. Ekkert eldra var undir hjallinum.

English summary

At the request of the Icelandic Road Administration, Náttúrustofa Vestfjarða made an archaeological excavation on ruins in the land of the farm Kleifar in Seyðisfjörður.

The aim of the research was to explore the nature and extent of the remains of three archaeological features.


Test trenches were made into the three structures. Two of them were boat shelters by the shore for small boats from the farm. No tephra layers are in the Westfjords. Age of the shelters are unknown, but they were in use until the 20th century. No older building was under the structures. The third building was a fish drying house. The floor was paved with stone floor. Nothing older was found under the paved stone floor. The building was in use until 1960.



Mynd 23. Drónamynd af Sandvík á Ströndum. Ljósmynd: Morten Ramstad.

4.9 Landnámsbýlið í Sandvík

Leyfishafi: Lísabet Guðmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018060076	Númer Þjóms: 2018-46
Staðsetning: A 388673 N 580721	Póstnúmer: 520 Drangsnæs
Vettvangsrannsókn hófst: 13.8.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 21.8.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsóknarverkefnisins árið 2018 var að mæla upp tóftir í Sandvík, áætla hvort minjar væru undir sverði sem ekki sæjust á yfirborði með borkjarnarannsókn, jafna snið rofsins svo hægt væri að teikna snið og skilja betur þær minjar sem sáust í rofinu. Einnig áætla stærð og umfang öskuhaugsins ásamt því að nálgast efnivið til frekari aldursgreininga. Síðast en ekki síst afla frekari vitneskju um hvers konar byggð var í vikinni og hversu umfangsmikil hún hefur verið. Niðurstöður leiddu í ljós að búsetuleifar var eingöngu að finna undir tveimur hólum við sjávarsíðuna. Minjar benda til árstíðarbundinnar búsetu en ekki er ljóst hversu mikið hefur tapast við sandtöku og vegna ágangs sjávar. Aldursgreining á beinum úr ruslahaug benda til þess að hann sé mjög forn og þarna hafi einhvers konar búseta hafist í vikinni á seinni hluta 9. aldar.

English summary

The aim of this research project in 2018 was to measure all structures in Sandvík. Core the whole bay to check if there are further remains that can not be seen on the surface. Also, even out the midden profile which is eroding into the sea, estimate the size of the midden and obtain material for dating. Last but not least obtain information about what kind of settlement was in Sandvík and subsistence strategies of the inhabitants. The coring project revealed that the main area was below two hills next to the seashore. Quite a lot had been lost due to sea erosion and when sand was taken from bay. Dating of four animal bones revealed that the midden is from late 9th century.

5. Norðurland vestra



Mynd 24. Tjarnará í Varðnesi. Ljósmynd úr dróna sem sýnir rústina. Ljósmynd: Guðmundur Stefán Sigurðarson.

5.1 Tjörn á Vatnsnesi, V-Húnavatnssýslu

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmunds-dóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2018030059	Númer Þjós: 2018-10
Staðsetning: A 418793 N 571649	Póstnúmer: 541 Blönduós
Vettvangsrannsókn hófst: 25.3.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 26.3.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Að beiðni Vegagerðarinnar gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifarannsókn á tveimur minjum við Byrgi í landi Tjarnar á Vatnsnesi. Vega-gerðin fyrirhugar að nota svæðið sem námu. Við vettvangskönnun minjavarðar Norðurlands vestra fundust minjar sem gerð var krafa um að rannsakaðar yrðu nánar. Í dymbilviku 2018 hófst rannsókn á tveimur steinhleðslum sem voru manngerðar. Vegna þess að mikið frost var í jörðu var ekki lokið við rannsóknina og þess beiðið að frost færi úr jörðu. Seinni hluti rannsóknarinnar fór fram þann 28. maí 2018.

Markmið rannsóknanna var að kanna eðli og umfang minja.

Framkvæmdasvæðið er í landi Tjarnar á svæði sem heitir Byrgjamelur og er hann nærri rústum sem kallast Byrgi. Rústirnar standa í hvammi sem heitir Byrgjahvammur alveg við Katadalsá en ofan við ána og hvamminn tekur umræddur Byrgismelur við. Þar fundust nokkrar manngerðar hleðslur og voru tvær þeirra innan fyrirhugaðs námasvæðis Vegagerðarinnar. Önnur hleðslan var

á Byrgjamel en hin var nyrst á syðri Tjarnarmel rétt við ána þar sem Hundafoss er.

Rannsóknin hófst þann 25.03.2018. Byrjað var á rúst sem staðsett er á Byrgjamel. Þar var grjóthrúga og var lyng allt í kring um 2 metra út frá hrúgunni sem var greininga manngerð þar sem safnað hafði verið saman stærstu steinunum á melnum. Steinahrúgan var teiknuð og ljósmynduð og síðan var hafist handa við að fjarlægja hrun úr miðju. Þá kom í ljós hleðsla sem var ílöng um það bil 2,2 m á lengd og um 1,5 m á breidd og virtist vera dropalaga með engan sýnilegan innangang. Líktist hún mjög steinsetningu á kumli. Næsta lag á eftir þeim steinum sem voru ofan á rústinni var torflag sem fyllti rústina að innan. Greinilegt var að rústin hefur verið úr torfi og grjóti sem hafði fallið inn í rústina. Undir torfinu var náttúrulegt sandlag sem var alveg óhreifit. Grafið var dýpra með skóflu til að ná fram fullvissu að ekki væri um að ræða kuml. Reyndist um að ræða lítið hús eða byrgi. Mögulega var um að ræða smalaskýli eða byrgi eins og örnefnið bendir til.

Síðar var farið að minni steinahrúgu sem var staðsett nokkuð frá á syðri bakka Katadalsár þar sem heitir Syðri Tjarnarmelur. Eftir að steinar höfðu verið teiknaðir og ljósmyndaðir voru þeir fjarlægðir og kom í ljós að um var að ræða leifar af hruninni vörðu.

English summary

At the request of the Icelandic Road Administration, Náttúrustofa Vestfjarða made an archaeological excavation of two remains at Byrgi in the land of Tjörn on Vatnsnes peninsula. The Road Administration intends to use the area as a mine.

The aim of the research was to explore the nature and extent of the remains.

The excavation site is in the land of Tjörn in an area called Byrgjamelur and it is close to ruins called Byrgi. The ruins stand in a grove called Byrgjahvammur.


The excavation started on 25.03.2018, at a ruin located at Byrgjamelur where there was a cluster of stones that were obviously man-made. The stone heap was drawn and photographed, and then stones were removed from the centre. The structure was about 2,2 m in length and about 1,5 m in width. The structure was drop shaped with no visible entrance and resembled a stone setting often found around pagan graves. After excavation it turned out to be a small house or a shelter like the place-name Byrgi (shelter) suggest. Second stone heap on the southern bank of the Katadalsá was then excavated. After the stones had been drawn and photographed, they were removed and revealed that the stones were remains of a cairn.



Mynd 25. Þingeyrar. Yfirlitsmynd tekin við lok uppgrafter sumarið 2018. Ljósmynd: Indriði Skarphéðinsson.

5.2 Þingeyrar í Húnaþingi – Klaustur á Íslandi

Leyfishafi: Steinunn Kristjánsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2015020039	Númer Þjóms: 2018-28
Staðsetning: A 435293 N 562331	Póstnúmer: 541 Blönduós
Vettvangsrannsókn hófst: 4.6.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 28.6.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Grafið var í rústasvæði um 10 metrum norðan við gamla bæjarstæðið á Þingeyrum dagana 4. – 29. júní 2018. Upphaflega var 10 x 12 metra stórt svæði opnað en það fljótlega minnkað í 7 x 12 metra sökum þess að á hluta þess kom í ljós grunnur af steypu húsi frá 20. öld. Ljóst var þá þegar að ekki var hægt að halda þeirri áætlun sem lagt var upp með í fyrstu þar eð hreinsun á þessum yngri minjum tefðu það mikið fyrir. Eins hafði rusli verið hent í steypa grunninn allt fram undir 1990 ef marka má það sem þar fannst (baggabönd, svartir ruslapokar og kókflöskur). Utan við steypa grunninn fundust aftur á móti minjar frá tímum klausturhaldara á Þingeyrum fram til loka 19. aldar. Syðst á svæðinu komu einnig í ljós minjar frá klausturtíma, einkum þó í sniði grafar sem opnuð var þar. Kirkjugarður Þingeyrakirkju var færður undir lok 19. aldar en grafið áfram í þeim gamla til 1922. Gröfin sem opnuð var reyndist vera frá þessu síðasta skeiði kirkjugarðsins (gröf Helgu Aradóttur f. 1845, d. 1922). Bein eða aðrar grafarleifar voru ekki hirtar þar eð þær töldust ekki vera fornminjar (yngri en 100 ára).

Helstu niðurstöður eru þær að rústir Þingeyraklausturskirkju eru þar sem grafið var sumarið 2018 en ofan á þeim hús klausturhaldara og efst steypa húsið sem nú hefur verið fjarlægð að mestu. Þessar niðurstöður eru afar mikilvægar vegna þess að svo virðist sem að klausturhúsin virðast að hluta til nýtt áfram eftir lokun klaustursins 1551 af umboðsmönnum konungs í landinu. Það er vitneskja

sem ekki lá fyrir áður en uppgröftur hófst 2018 og gefur Þingeyrarannsókninni aukna vídd. Til dæmis verður mögulegt að skoða þær breytingar sem urðu við siðaskiptin í húsakynnum og lifnaðarháttum á staðnum. Þá eru til lýsingar af húsum klausturhaldarans Gottrups (1649-1721) og kunna þær því að lýsa íslenskum klausturhúsum sem breytt var í íveruhús valdsmanns konungs í landinu.

English Summary

The excavation, lasting from June 4th to 29th 2018, centred around an area of ruins located about 10 m north of the old farmhouse at Þingeyrar in Húnaþing. A 10 x 12 m wide area was initially opened but reduced to 7 x 12 meters due to the fact that a foundation of a concrete house from the 20th century was discovered. It was clear from the beginning that it would be difficult to keep the proposed plan because of how time consuming it would be to clear up the younger ruins. Recent trash had also been thrown into the concrete foundation (until 1990) but this needed to be cleared up as well before the actual excavation started. Still, around the concrete ruin, remains from the monastery era until the 19th century were detected.

The cemetery of Þingeyrakirkja was moved to a new area towards the end of the 19th century even though burials took place in the old one until 1922. One grave was opened in the excavation area and it proved to be from the last phase of the cemetery (the grave of Helga Aradóttir, b. 1845, d. 1922). The remains from it were left on the site since they are not protected by law (100 years or older).

The main conclusions are that the ruins of Þingeyraklaustur church are located in the area that was partly dug up the summer of 2018 but that above them are the residential houses of those who took care of the monastic properties for the Danish king after the closing of the monastery in 1551. This discovery is very important, giving the Þingeyrar-project an expanded dimension. For example, it will be possible to examine the changes that occurred during the transition from Catholicism to Lutheranism during the Reformation in Iceland. Furthermore, there are also preserved important descriptions of the houses Lauritz Gottrups (1649-1721) resided in as the keeper of the monastic properties. It is thus very likely that these descriptions show the layout of the Þingeyrar monastery itself, which appears later to have been converted into a secular and a royal house.



Mynd 26. Spákonufell á Skagaströnd. Horft til suðurs yfir bæjarhól og meintan kirkjugarð. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

5.3 Spákonufell á Skagaströnd, kirkjugarður

Leyfishafi: Guðný Zoëga	Fyrirtæki/stofnun: Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknarnúmer: 2018070008	Númer Þjóms: 2018-59
Staðsetning: A 441733 N 592570	Póstnúmer: 545 Skagaströnd
Vettvangsrannsókn hófst: 16.8.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 10.10.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: borun



Við drónamyndatöku sumarið 2017 kom í ljóst hringlaga mannvirki í sléttuðu túni vestan við þar sem bærinn Spákonufell stóð áður. Spákonufell er upprunabýli á Skagaströnd og er þéttbýlið í landi þess. Sóknarkirkja var að Spákonufelli til 1928 og búið var á bænum fram yfir 1950. Engin mannvirki standa lengur á jörðinni en á gamla bæjarstæðinu er nú kirkjugarður Skagstrendinga.

Sumarið 2017 voru 17 borkjarnar teknir í meintan kirkjugarð og bæjarhól norðvestan hans. Rannsóknin leiddi í ljós að hringlaga mannvirkið hefur verið umlukið torfgarði sem var reistur eða endurbyggður eftir 1104. Innan garðsins komu fram rótuð jarðlög með torfi, kola- og móöskudreif en alls staðar var skammt niður á óhreyft. Í einum kjarna komu beinaleifar á 55 cm dýpi en þær voru illa varðveittar og ekki hægt að fullyrða hvort um mannabein væri að ræða. Um 10 m norðvestur af meintum kirkjugarði er aflöng hæð sem liggur norður-suður, um 50 x 20 m að umfangi. Hæðinni svipaði mjög til bæjarhóls en efst á henni eru tóftir yngri útihúsa. Norðvestast á hæðinni var komið niður á öskuhaug sem lá ofan á gjósku frá 1104 en undir gjóskunni voru óverulegri ummerki mannvistar. Austanvert á hæðinni kom hins vegar fram um 18 cm þykkt mannvistarlag undir 1104 gjóskunni.

Lögun og jarðlög innan hringlaga mannvirkisins styðja að þarna geti verið um fornan kirkjugarð að ræða en vegna túnasléttunar og plæginga var erfitt að aldursgreina mannvirkið frekar. Rannsóknin staðfesti að elsta bæjarstæði Spákonufells hefur verið um 100 m suðvestur af þar sem bærinn stóð síðar, e.t.v. fram á 14.-15. Öld.

English summary

A drone photo taken in 2017 revealed a circular structure in a levelled hayfield about 70 m west of the community cemetery of the town Skagaströnd, North Iceland. The current cemetery is located on the old farmstead of Spákonufell. At Spákonufell there was a parish church until 1950 but today the church, as well as other farm buildings, have disappeared.

Cores were placed in the circular structure as well as a suspected farm mound about 10 m northwest of it. Using tephra for dating the cores revealed that the walls of the circular structure were made of turf post 1104. The soil within the structure was heavily disturbed by later field levelling which made dating the structure difficult, but badly preserved bones were found in one core. The circular form and core samples may support the notion of a cemetery, but a larger test trench needs to be taken to verify that. The mound turned out to be original location of the farm, dating to from before 1100 until possibly the 15th century.



Mynd 27. Loftmynd af uppgriftarsvæðinu á Geldingaholti í Skagafirði, tekin með dróna. Ljósmynd: Guðmundur St. Sigurðarson.

5.4 Geldingaholt í Skagafirði

Leyfishafi: Guðmundur St. Sigurðarson	Fyrirtæki/stofnun: Minjastofnun Íslands
Rannsóknarnúmer: 2018060075	Númer Þjóms: 2018-41
Staðsetning: A 478449 N 565677	Póstnúmer: 561 Varmahlíð
Vettvangsrannsókn hófst: 18.6.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 25.6.2018
Tegund rannsókna: könnunarrannsókn	Aðferð: uppgröftur



Ástæða rannsóknarinnar er sú að íbúðarhúsið á bænum brann árið 2016 og aðstæður buðu ekki upp á að nýju húsi yrði valinn annar staður. Lóð húseiganda er nær öll á gamla bæjarstæðinu, sem teygir sig lengra til norðurs og austurs. Byggingareiturinn er í jaðri suðvesturenda bæjarstæðisins, en fornleifakönnun á austurhluta bæjarhólsins árið 2005 leiddi í ljós að þar er hann hvað þykkastur og vísbendingar um byggð fyrir árið 1000. Út frá sjónarmiði fornleifa var önnur staðsetning innan lóðar því ekki talin betri. Árið 2017 fór fram könnun á eðli og umfangi jarðlægra minja með kjarnabor og greftri sex lítilla könnunarskurða á svæðinu (Málsnr. MÍ 201703-0106), í framhaldi af því var gerð áætlun um frekari rannsókn og aðferðafræði.

Svæði B sunnan gamla húsgrunnins: Lagt var upp með að skafa grasrót og yfirborðsjarðveg af með vélgröfu, hreinsa svæðið í kjölfarið með handverkfærum og skrá og mæla inn þau mannvistarlög sem kynnu að koma í ljós. Ef engar mannvirkjaleifar eða óhreyfð gjóskulög kæmu í ljós yrði aftur skafið með vélgröfu 5-10 cm, hreinsað og skráð, og svo koll af kolli. Ef óhreyfð gjóskulög kæmu í ljós skyldi hreinsa þau fram á öllu svæðinu. Ef mannvirki kæmu í ljós yrði breytt um aðferð, þau mæld inn og grafinn samkvæmt einingakerfi (single context).

Engar byggingaleifar komu í ljós á þessu svæði, en smávægileg mannvist var í flestum jarðlögum, enda nærri gamla bæjarstæðinu. Þá voru leifar öskuhóls austast á svæðinu og var sýni tekið úr haugnum til fleytingar og 1 rúmmeter sigtaður. Engir gripir fundust við sigtun, en nokkur illa farin brot úr dýrabeinum voru tekin sem sýni.

Svæði A norðan við gamla húsgrunninn: Norðan við gamla húsgrunninn var steipt plata tengibyggingar við gamla torfbæinn fjarlægð sem og timburgólf úr baðstofunni sem tekin var niður. Platan var tekin með gröfu sem og hluti húsgrunnins eftir skráningu. Að því loknu var hreinsað með handverkfærum og kom þá ljós torf eldri byggingar en ekki var hægt að greina veggjalög, þar fyrir neðan var óhreyfð gjóska (H 1300). Ekki stóð til að grafa miðhluta svæðisins þar sem byggingunni var breytt með þeim hætti að aðeins þyrfti að grafa fyrir undirstöðum veggja að vestan og austan. Þar voru grafnir skurðir með blandaðri aðferð, mannvirkjaleifar sem þar fundust voru teiknaðar upp sem og snið. Ljóst var að stærsti hluti bygginga- og mannvistarleifa á þessu svæði var undir H-1300 en einnig fundust smávægilegar mannvistarleifar undir 1104 en engar byggingar.

Svæði C - sökull/kjallari: Sökull og kjallari gamla íbúðarhússins er töluvert niðurgrafinn og var fyrirfram talið ólíklegt að eitthvað fyndist undir honum. Meðfram húsinu voru röskuð jarðlög eftir að grunnurinn hafði verið grafinn og reyndist grunnurinn hafa náð niður á fast og því búið að moka öllum hugsanlegum leifum á því svæði burtu.

English Summary

The reason for the research is that the residential house at Geldingaholt burnt down in 2016 and had to be rebuilt within the current plot. The plot unfortunately is all within the old farm mound at Geldingaholt which stretches further North and East from the building site. Research done in 2005 revealed that the farm mound was thickest in the North-eastern part where occupation pre tephra layer from 1000 AD was also discovered. It was therefore estimated that moving the building site within the plot would not be beneficial with regards to archaeology. In 2017 Minjastofnun Íslands (the Cultural Heritage Agency of Iceland) carried out a small scale research with cores and six small test trenches to estimate the extend of cultural layers within the building site and to be able to form a research plan for the current research (MÍ 201703-0106). This investigation revealed structural remains pre 1300 AD and post 1100 AD (based on visual analysis of tephra layers) in area A north of the remains of the burnt house. South of the house remains, in area B, no structural remains were found but low-density cultural layers were discovered as well as midden in East part of the area, which was post 1104 AD but *terminus anti quem* could not be established.

The current research did not add to the previous findings in area B, no structures were found in the area, but the midden was sampled and 1 cubic meter sieved, no finds were discovered during sieving but a few poorly preserved remains of animal bones were collected.

In area A, foundation of the last turf farm building was recorded, and older turf was found underneath. The bulk of the area was not meant to be removed during construction as the building was designed as to only rest on walls on the east and west side. Two trenches were excavated on each side and revealed structural remains post 1104 AD and pre 1300 AD as the first research in 2017 had established. These remains were excavated in single context and recorded.



Mynd 28. SCASS. Könnunarskurður 2 í Grænagerði, Skagafirði. Ljósmynd: Kathryn Catlin.

5.5 Skagafjörður Church and Settlement Survey (SCASS) - Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjörður, North Iceland

Leyfishafi: John M. Steinberg	Fyrirtæki/stofnun: Fiske Center, University of Massachusetts, Boston
Rannsóknarnúmer: 2016060051	Númer Þjóms: 2018-49
Staðsetning: A 478000 N 578000	Póstnúmer: 551 Sauðárkrókur
Vettvangsrannsókn hófst: 7.7.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 27.7.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Við fornleifarannsóknir á uppgráftartímabilinu árið 2018 voru grafnir könnunarskurðir sem stækkuðu uppgreftina frá árunum á undan og voru þeir staðsettir við Helluland (Grænagerði), Ás, (Næfurstaði) og Vatnskot. Þessir uppgreftir voru ætlaðir/gerðir til þess að auka við sýnatökusafn fyrir flóru og fínu. Þessi sýni munu leyfa okkur að skilja betur daglegt líf á þessum bæjarstæðum frá víkingaöld og miðöldum. Þessir stækkuðu uppgreftir staðfestu það samhengi sem áður hafði sést á þessum stöðum. Nýr könnunarskurður á aðalbænum að Ási staðfesti tímasetningu landnáms á svæðinu og styrkir tilgátu um að bæjarstæðið frá víkingaöld hafi verið mjög stórt og aðeins sunnar en þústir bæjarstæðisins sem nú eru sýnilegar.

English summary


During the 2018 archaeological field season test pits that expanded the excavations from previous years were placed at Helluland (Grænagerði), Ás (Næfurstaðir), and Vatnskot. These excavations were designed to increase the flora and fauna bulk samples size. These samples will allow us to better understand the activities at these Viking Age and Medieval farmsteads. These expanded excavations confirmed the previously reported sequences at these locations. A new test pit at the main farm of Ás confirmed a settlement date for its establishment and reinforces a very tentative suggestion from earlier work that the Viking Age farmstead was very large and slightly south of the current visible farmstead mound.



Mynd 29. Hegranes – SCASS. Borkjarnar teknir á Ásgrímsstöðum. Ljósmynd: Kathryn Catlin.

5.6 SCASS - Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjörður, North Iceland

Leyfishafi: Douglas Bolender	Fyrirtæki/stofnun: University of Massachusetts Boston
Rannsóknarnúmer: 2018070023	Númer Þjóms: 2018-50
Staðsetning: A 478000 N 578000	Póstnúmer: 551 Sauðárkrókur
Vettvangsrannsókn hófst: 7.7.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 27.7.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: borun



Meginmarkmið borkjarnarannsóknar við Hegranes var að staðsetja byggðasvæði, að komast að umfangi og tímabili búsetu eða þekktra býla og að staðsetja svæði fyrir uppgröft. 269 kjarnar voru teknir við býli og umlykjandi svæði við Grænagerði (Helluland), Ásgrímsstaðir (Helluland), Keflavík, Ás, Næfurstaðir (Ás), Gunnlaugsgerði (Ás), Egg og Rein:

Grænagerði (Helluland): 8

Ásgrímsstaðir (Helluland): 23

Keflavík: 61

Ás: 114

Næfurstaðir (Ás): 4

Gunnlaugsgerði (Ás): 44

Egg: 6

Rein (Egg): 9

English Summary

The primary purpose of the coring survey in Hegranes was to identify buried domestic sites, to characterize the extent and periods of occupation or known farmsteads, and to locate areas for small test excavations. During the 2018 field season, coring was primarily focused on identifying locations for small midden excavations and measuring the thickness of cultural layers in farm mounds. A total of 269 cores were taken and recorded (not including coring at Hegranesþing, which was conducted under a separate permit):

Grænagerði (Helluland): 8

Ásgrímsstaðir (Helluland): 23

Keflavík: 61

Ás: 114

Næfurstaðir (Ás): 4

Gunnlaugsgerði (Ás): 44

Egg: 6

Rein (Egg): 9



Mynd 30. Hegranesþing – SCASS. Tyler Perkins grefur upp túngarð. Ljósmynd: John M. Steinberg.

5.7 Hegranesþingstaður – SCASS - Colonization and Christianity: the development of Viking Age and medieval hierarchies in Skagafjörður, North Iceland

Leyfishafi: John M. Steinberg	Fyrirtæki/stofnun: Fiske Center for Archaeological Research, Boston
Rannsóknarnúmer: 2017060047	Númer Þjóms: 2018-51
Staðsetning: A 478580 N 581470	Póstnúmer: 551 Sauðárkrúkur
Vettvangsrannsókn hófst: 7.7.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 27.7.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Tveir profuskurðir voru gerðir hjá Garði (Hegranesþing). Sá fyrsti á hugsanlegu bæjarstæði og sá síðari í torfvegg á mörkum landskika. Profuskurðurinn á bæjarstæðinu var byggður á jarðeðlisfræðilegum álestrum ásamt niðurstöðum úr borkjarnaverkefninu, til þess að rannsaka mó frá miðöldum og leifar af koluðum sorphaug. Profuskurðurinn staðfesti að setið sem var til skoðunar var á milli tveggja laga, annars vegar laga af grárri eldfjallaösku frá 1300 e.Kr og hins vegar laga af hvítri eldfjallaösku frá 1104 e.Kr. Profuskurðurinn leiddi í ljós að lög eldfjallaöskunnar höfðu sest á tiltölulega ófrjóan vindborinn jarðveg. Engin önnur menningarleg setlög frá öðrum tímabilum voru til staðar. Í sjón er niðurgrafni móöskuhaugurinn (mitt á milli hinna tveggja öskulaga) líkur móöskuhaugum á öðrum viðvarandi byggðum miðaldabæjarstæðum sem rannsakaðir hafa verið á Hegranesi. Profuskurðurinn gegnum torfvegginn á bæjarmörkunum bendir til að veggurinn hafi upprunalega verið byggður áður en gjóskan frá 1104 f.Kr. féll. Samhengið í torfveggnum bendir einnig til að hann hafi verið endurbyggður eða lagaður á milli 1300 f.Kr. og 1104 f.Kr. sem er í samræmi við vegg Hegranesþingskirkjugarðs og tengdar grafir.

English Summary

Two additional test excavations were placed at Garður (Hegranesþing). The first in a potential farmstead and a second in a turf boundary wall. The farmstead test excavation

was placed based on geophysical readings, combined with the results of the coring program, to probe a medieval peat ash and charcoal midden deposit. The test excavation confirmed that the targeted deposit was between the AD 1300 grey volcanic ash layer and the AD 1104 white volcanic ash layer. The test excavation revealed that the volcanic ash layers had fallen on relatively sterile wind deposited soil. No other cultural deposits from other time periods were evident. Visually, this buried peat ash midden (sandwiched by the two ash layers) is similar to the other continually occupied Mediaeval farmstead peat ash middens investigated around Hegranes. The test excavation through the turf boundary wall suggests that the wall was originally constructed before the AD 1104 tephra fell. The sequence from the turf boundary wall also suggests that it was rebuilt or repaired between AD 1300 and AD 1104, consistent with the Hegrenesthing churchyard wall and associated graves.



Mynd 31. Utanverðunes. Yfirlitsmynd sem sýnir legu könnunarskurðar, horft til norðausturs. Ljósmynd: Guðný Zoëga.

5.8 Utanverðunes í Skagafirði - SCASS

Leyfishafi: Guðný Zoëga	Fyrirtæki/stofnun: Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknarnúmer: 2018070001	Númer Þjóms: 2018-47
Staðsetning: A 477271 N 581871	Póstnúmer: 551 Sauðárkrúkur
Vettvangsrannsókn hófst: 16.7.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 19.7.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Tekinn var könnunarskurður í sléttað tún sunnan bæjarins Utanverðunes á Hegranesi, Skagafirði. Rannsóknin er hluti af verkefninu Skagafjörður Church and Settlement Survey (SCASS) sem fram hefur farið í Hegranesi síðan 2015. Tilgangur rannsóknarinnar var að staðfesta að hringlaga form sem kom fram við jarðsjármælingar sumarið 2017 væru leifar forns kirkjugarðs. Skurðinum var valinn staður rétt sunnan við ferkantaða byggingu, ætlaða kirkju, innan hringsins.

Skurðurinn var í upphafi 140 cm langur og 60 cm breiður og lá norður-suður svo hann þverskæri grafir sem kynnu að finnast. Á 30 cm dýpi var komið niður á Heklugjósku frá 1104 og lá hún samfelld yfir jarðlögum í skurðinum öllum. Ofan hennar voru rótuð torf og yfirborðslög. Undir gjóskunni kom fram rótað uppfyllingar torflag, samskonar og eru í mörgum fornum kirkjugörðum og var um 10 cm þykkt. Neðan þess var um 8 cm þykkt móöskulag. Í móöskulaginu kom síðan fram austurendi á aflöngum niðurgreftri og í honum dálítil hrúga af steinum. Skurðurinn var þá stækkaður til vesturs til að ná inn niðurgreftrinum. Framlengingin var um 70 cm löng og metri á breidd. Í vesturenda var komin niður á það sem virtist grjót úr undirstöðum veggjar og var ekki hróflað við þeim frekar. Niðurgrofturinn var fast sunnan steinanna og kom fram sem nokkuð skýr afmörkun í móöskulaginu. Grafið var niður í niðurgroftinn og reyndist hann var um 60 cm langur og 40 cm breiður. Á 50 cm dýpi var komið niður á kistuleifar og undir niðurföllnu kistuloki, fótleggjabein úr manni.

Gröfin var mæld upp og teiknuð og viður úr kistu og einn líkkistunagli voru tekin sem sýni. Beinir voru nokkuð flögnuð og virtust í meðallagi vel varðveitt. Þar sem rannsóknin hafði þegar staðfest að þarna væri kirkjugarður fyrir 1104 var ekki nauðsynlegt að grafa frekar og var því fyllt í skurðinn aftur og tyrft yfir.

English summary

A test trench was dug at the farm Utanverðunes in Skagafjörður, North Iceland, in order to test whether a circular structure found during geophysical surveying could be an early Christian cemetery. The excavation was a part of the Skagafjörður Church and Settlement Survey, an international archaeological project which has focused on the early settlement and church history of the area of Hegranes, Skagafjörður.

The test trench was originally 140 cm long and 60 cm wide and oriented north-south in order to intersect possible east-west lying graves. At the depth of 30 cm a tephra-layer from 1104 was found lying over the whole surface of the trench. Underneath the tephra was a layer of mixed turf and a layer of domestic refuse. In the northern end of the trench was the eastern end of an elongated cut into the domestic refuse layer which was filled with stones. The trench was enlarged to the west until a possible wall foundation of stone appeared. The cut lay just south of what might have been the southern wall of a church building. The cut was excavated and at 50 cm a coffin was found. The coffin lid was removed revealing the intact lower leg bones of a human skeleton.

A single coffin nail and wood from the coffin were sampled but as the trench had already established the presence of a cemetery dating to before 1104, the skeleton was not excavated further, and the trench was filled in and returfed.



Mynd 32. Horft til suðurs yfir bæjarhól og tvöfalda túngarða á Réttarkoti/Sólheimum í Fljótum.
Ljósmynd: Kári Gunnarsson.

5.9 Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar – Byggðasögurannsókn XI

Leyfishafi: Guðný Zoëga	Fyrirtæki/stofnun: Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknarnúmer: 2017050109	Númer Þjóms: 2018-35
Staðsetning: A 499116 N 612839	Póstnúmer: 570 Fljót
Vettvangsrannsókn hófst: 27.6.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 26.9.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: borun



Síðan 2003 hafa starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar og Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga verið í samstarfi um rannsóknir á fornum byggðaleifum í Skagafirði, undir merkjum verkefnisins Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar. Alls hafa um 140 staðir verið rannsakaðir með könnunarskurðum eða kjarnaborum en þar fyrir utan hafa fjölmargar minjar verið mældar upp. Sumarið og haustið 2018 fóru fornleifarannsóknir fram á 10 stöðum (fornbýlum, seljum og bæjarstæðum) í tengslum við verkefnið. Um var að ræða staði í Fljótum og Stíflu. Á fimm bæjarstæðum var ekki hægt að staðfesta aldur. Á einu bæjarstæði var staðfestur aldur fyrir 1104. Á þremur stöðum voru minjar yngri en 1104 en þó að stofni til líklega eldri en frá 14. öld. Á tveimur stöðum voru leifar býla frá 18.-19. öld en undir þeim voru eldri minjar.

English summary

Since 2003, the Skagafjörður Heritage Museum and the Skagafjörður history project have, in collaboration, been researching the oldest settlement remains of Skagafjörður, North Iceland. Through the project 150 sites have been dated by coring and/or test trenches. A large number of sites have also been surveyed and mapped.

In 2018, 10 sites were dated by coring and a number of sites were mapped. The research area extended over Fljót in northern Skagafjörður. No dating could be established for five sites, one site pre-dated 1104, three sites were probably established between 1104 and 1300 and remains of two small 18th - 19th century farms were positioned on top of earlier remains.


6. Norðurland eystra



Mynd 33. Garðlag í landi Þorsteinsstaða, Svarfaðardal. Ljósmynd: Lilja Björk Pálsdóttir.

6.1 Tveir dalir: Svarfaðardalur, Hörgárdalur

Leyfishafi: Lilja Björk Pálsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018050167	Númer Þjóms: 2018-36
Staðsetning: A 508312 N 595853	Póstnúmer: 621 Dalvík
Vettvangsrannsókn hófst: 17.6.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 23.6.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Markmið rannsóknar er að:

- 1) varpa nýju ljósi á landnám og þróun byggðar í Svarfaðardal í Eyjafirði og
- 2) undirbúa frekari þverfaglegar rannsóknir á svæðinu.

Til að varpa frekara ljósi á þessi atriði var ákveðið að gera könnunarskurði á tveimur stöðum. Annars vegar í garðlag, Sveitarlang, í landi Þorsteinsstaða og hins vegar í signar og áður óþekktar þústir í landi Hrísa.

Könnunarskurðurinn í Sveitarlang, sem liggur eftir Svarfaðardal, var gerður með það að markmiði að kanna aldur garðlagsins innst í dalnum. Nokkrir skurðir höfðu áður verið teknir í Sveitalang utar á svæðinu en ein af þeim spurningum sem vaknað hafa í tengslum við fyrri rannsóknir eru hvort hægt sé að gera ráð fyrir því að innsti hluti Svarfaðardals og Skíðadalur hafi byggst upp á svipuðum tíma og með svipuðum hætti og utanverður dalurinn. Helstu niðurstöður eru þær að garðurinn er svipaður að aldri innst og yst, frá seinni hluta 10. eða 11. aldar. Hins vegar hefur honum ekki verið haldið jafnmikið við innst þar sem ekki sáust greinileg ummerki um viðgerðir eða viðhald líkt og kom fram í fyrri rannsóknum. Má af því draga þá ályktun að mögulega hafi ekki verið þörf á garðinum jafnlengi og annars staðar eða ekki jafnmikill ágangur og fremst í dalnum.

Þá var einnig gerður könnunarskurður í landi Hrísa. Minjastaðurinn er á merkjum Hrísa og Hamars en staðurinn fannst þegar Fornleifastofnun Íslands ses. vann að aðalskráningu í Dalvíkurbyggð sumarið 2002. Staðurinn fannst við vettvangsgöngu en á hann er hvergi minnst í heimildum. Við vettvangsathugun varð ljóst að á svæðinu er að finna leifar vallargarðs og fjölmargra siginna og fornlegra tófta sem helst minna á fornar býlisrústir. Skurðinum var valinn staður í fornlegri tóft og reyndist hún vera frá 10.-11. öld. Engin gólfög fundust í skurðinum né annað sem gæti gefið til kynna hlutverk tóftarinnar. Líklega er um einhvers konar skemmu eða skepnuhús að ræða en könnunarskurðurinn gaf ekki betri vísbendingar um notkun.

Þó nokkuð af stórum viðarkolamolum var að finna í fyllingu veggjar tóftarinnar, sem var úr torfi með landnámsgjósku í, afar illa varðveittur og ber þess merki að ekki hafi verið vandað til verks í upphafi. Stærð kolamolanna og staðsetning þeirra í veggjarfyllingu, bendir til að smiðja sé í nánd við tóftina.

English Summary

The goals of the research were twofold:

- 1) To shed new light on settlement and its development in Svarfaðardalur in Eyjafjörður.
- 2) As a preparation for further interdisciplinary research in the area.

For this purpose, two trenches were dug on two different sites in the area.

One trench was put through a boundary wall that runs alongside the valley, Sveitarlangur. Trenches made in 2015 showed many repairs and re-making of the boundary at the mouth of the valley so this time, a spot was chosen further in, in the land of Þorsteinsstaðir. Tephra layers visible in the trench at Þorsteinsstaðir suggest the boundary was built late in 10th or 11th century, however, no clear indications of re-build or repairs were visible. This could mean less need for a boundary wall deeper in the valley, than further out.

The second trench was put through a ruin within the farm Hrísar. This site was discovered in 2002 by FSÍ surveyors. Several ruins and boundaries were found, indicating a previously unknown farm. The trench findings confirmed there was indeed a ruin from the late 10.-11. century but the function of the structure is still unknown. No floor deposits were found nor artefacts that could shed light on what the structure was used for. It is therefore most likely a storage or an animal structure. The walls were badly preserved, with large chunks of charcoal as a fill, suggesting there might be a smithy nearby. It seems not much care has gone into making the walls, again pointing towards a house for animals or storing.



Mynd 34. Hvatastaðir í Hrísey úr suðri. Ljósmynd: Orri Vésteinsson.

6.2 Hvatastaðir í Hrísey

Leyfishafi: Orri Vésteinsson	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2018070011	Númer Þjóms: 2018-52
Staðsetning: A 528877 N 611452	Póstnúmer: 630 Hrísey
Vettvangsrannsókn hófst: 31.7.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 5.8.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Markmið rannsóknarinnar var að afla grunnupplýsinga um aldur mannvistarleifa á Hvatastöðum í Hrísey. Grafnir voru tveir skurðir og snið hreinsað í rofbakka. Í ljós kom að sjóbúðir sem brýtur af eru með tvö byggingarstig, bæði yngri en 1477. Í bæjarhól eru mannvistarleifar milli V-940 og H-1104 og einnig ummerki um endurbyggingar bæði fyrir og eftir 1477. Snið í mót túngarðs og landamerkjagarðs sýnir að túngarðurinn er eldri en báðir voru fallnir við jörðu fyrir 1104.

English summary

The preliminary investigation aimed to establish a basic dating framework for archaeological remains at Hvatastaðir in Hrísey. Two trenches were dug, and a section cleaned where the sea has broken into fishing huts on the coast. The huts have two building phases, both postdating 1477. In the farm mound there are occupation layers between H-1104 and V-940 and also signs of reoccupation both before and after 1477. A section in the junction of the home-field boundary and a property boundary demonstrated that the home-field boundary is earlier, but both had completely collapsed before 1104.



Mynd 35. Séð yfir suðurhluta deiliskipulagssvæðis í Hálöndum á Akureyri. Ljósmynd: Lilja Laufey Davíðsdóttir.

6.3 Borkjarnarannsókn í landi Hlíðarenda á Akureyri

Leyfishafi: Lilja Laufey Davíðsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018050067	Númer Þjóms: 2018-22
Staðsetning: A 538303 N 575393	Póstnúmer: 600 Akureyri
Vettvangsrannsókn hófst: 15.5.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 16.5.2018
Tegund rannsókna: framkvæmdarannsókn	Aðferð: borun



Vorið 2018 fór fram borkjarnarannsókn á deiliskipulagsreit ofan við Akureyri, í landi Hlíðarenda vegna væntanlegrar uppbyggingar frístundabyggðar og þjónustusvæðis. Borað var með kjarnabor í fjögur mismunandi svæði þar sem heimildir voru um tvo bæjarhóla, útihús og heimatún, og var markmið rannsóknarinnar að kanna hvað leyndist undir sverði á þessum svæðum. Í ljós kom að engin mannvistarlög var að finna á meintum bæjarhólum né í heimatúninu. Annar bæjarhóllinn (Uppsálar) hefur eyðilagst þegar honum var rutt út og við malarnám en óvíst er hvort bæjarhóll Tyllings hafi verið innan skipulagsreitsins. Ef hann hefur verið það hefur hann einnig verið eyðilagður. Engin ummerki voru heldur um að heimatún Tyllings hafi verið á sunnanverðu svæðinu en þar fundust aðallega ummerki um mýrarjarðveg. Ummerki voru um rótuð jarðlög, torfleifar og blönduð jarðlög á sunnanverðri útihúsaþústinni. Jarðlögin voru þó mjög rótuð og því víst að litlar sem engar leifar eru eftir af útihúsinu sem þar stóð og hefur því verið rutt út og það jafnað við jörðu.

English summary

A coring project was carried out in May 2018 in an area where there is planned development at the farm of Hlíðarendi in northern Iceland, just above Akureyri. This work follows a detailed field survey project which had been carried out at the site previously. Four different sites were cored, as written records suggested that two farm mounds, an outhouse and a home field were located within the area. The aim of the coring was to investigate whether archaeological remains could be within the area of the proposed development. In three of the four sites the coring revealed no archaeological remains. The Uppsalir farm mound has been destroyed when it was levelled, and gravel taken from the area. It is uncertain if the Tyllingur farm mound was located within the development area, if it was, it has also been destroyed. No archaeological evidence was found about the whereabouts of the home field from Tyllingur. The southern part of the area was mostly a marsh area before the middle of 20th century. In site A, disturbed remains were recorded where the outhouse once stood, but it was obvious that no undisturbed remains were left there and the outhouse had been destroyed through levelling.



Mynd 36. Flatey á Skjálfanda. Skurður frágenginn að lokinni rannsókn. Í baksýn er hálandið nyrst í Fjörðum. Ljósmynd: Adolf Friðriksson.

6.4 Flatey á Skjálfanda

Leyfishafi: Adolf Friðriksson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018070012	Númer Þjóms: 2018-53
Staðsetning: A 552122 N 630819	Póstnúmer: 601 Akureyri
Vettvangsrannsókn hófst: 19.7.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 20.7.2018
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: hreinsun sniðs




Við norðausturenda Flateyjar er tjörn sem nefnist Hvaltjörn. Um 100 m sunnan við tjörnina, þar sem hún er breiðust er hringlaga þúst. Líkist hún hringlaga mannvirki, um 12 m í þvermál, með þykkum veggjum. Þústin er í miklu kargaþýfi og gæti því rétt eins verið rúst, þ.e. í jarðfræðilegum skilningi, s.s. bungumyndum vegna ísmyndunar undir yfirborði. Markmið rannsókna var að kanna hvort hringlaga þústin væri náttúrumyndun, eða manngerð og ef svo, að kanna þá aldur, gerð og fyrra hlutverk hennar.

Í þessu skyni var grafinn prufuskurður yfir meinta vesturbrún þústarinnar, um 7 m langur A-V, og 80 sm breiður. Teiknað var snið af suðurhlið skurðar. Efst var grasrótarlág, um 6 - 10 sm þykkt. Þar undir var brún mold, og dökkbrún um 10 - 20 sm þykk. Þar undir var hreyfð, dökkbrún mold og í henni ljósleit lög. Undir þeim var óhreyfður jarðvegur. Þar sem svæðið allt er mjög þýft var örðugt að komast að afgerandi niðurstöðu, en ljóst er að t.d. ummerki innan og utan meints vesturveggjar eru öll hin sömu og enginn vottur um góflög sýnilegur að

innanverðu. Engir gripir eða bein eða aðrir aðskotahlutir fundust. Hins vegar er mjög líklegt að dökkbrúna moldin með ljósleitum lögum séu leifar e.k. torfhleðslu. Við hana vottaði fyrir dökku gjóskulagi, sem líklega er a-lagið, frá 1477. Þúfnamyndun og náttúrulegar jarðvegshreyfingar gætu þó villt mönnum sýn. Niðurstaða þessarar athugunar er sú að sterkar líkur eru á að um sé að ræða leifar af mannvirki, fremur en náttúrumyndun, en frekari rannsókna er þörf.

English Summary


At the NE end of Flatey in Skjálfandi bay, there is a pond, Hvaltjörn. Some 100 m south of the pond a circular feature had been noted in the field during previous surveys. This feature is fairly regular in shape, ca. 12 m in diameter. The surroundings, as well as the feature itself, are covered with hummocks. The aim of the excavation was to verify whether the site was a natural palsa formation, or the remains of a man-made structure. A test trench, 7 m x 80 cm was opened across the alleged western side. Below the grass-root layers and brown hummus, there were stripes of dark brown and light soil, resembling turf, with a trace of a very dark tephra layer, possibly the so-called a-layer, i.e. from 1477. Further work is needed to confirm the nature and date of the site.



Mynd 37. Hofstaðir, Brekkur. Loftmynd af rannsóknarsvæðinu 2018. Mynd: Loftmyndir ehf.

6.5 Í Brekkum (áður Hofstaðagarðshorn)

Leyfishafi: Orri Vésteinsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2016090109	Númer Þjóms: 2018-56
Staðsetning: A 584667 N 569363	Póstnúmer: 660 Mývatn
Vettvangsrannsókn hófst: 7.8.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 10.8.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Seinni hluta sumars 2018 var farið að Hofstöðum með það að markmiði að halda áfram að reyna að kortleggja svæðið og fornleifar á því, líkt og gert hefur verið síðustu tvö ár. Markmið þessa árs var að kanna túnin á Hofstöðum með kjarnabor og þar af leiðandi átta sig betur á landnotkun í kringum býlið í Brekkum. Öll túnin á milli Brekkna og veisluskálans á Hofstöðum voru könnuð og var borað á 20 metra fresti og jarðlögin sem þar fundust skráð og ljós-mynduð.

Í ljós kom að lítið er í gangi í túnunum norðan veisluskálans. Þar fundust jarðlög og torf sem benda til útihúsa frá 19.-20. öld. Jarðlögin voru oft hreyfð og dreift úr þeim eins og má ætla að sjáist við sléttun túna. Engar eldri byggingar fundust á þessu svæði en hins vegar fannst járnvinnslusvæði við suðurenda nyrsta túnsins, 120 metrum norðaustan við veisluskálann og 350 metrum sunnan við

skalann í Brekkum. Í borkjarnasýnum sáust kolalög á svæði sem var um 15 x 10 metrar að stærð.

Grafnir voru tveir könnunarskurðir, annars vegar í járnvinnslusvæðið (skurður 1) og hins vegar þar sem talið var að gæti hafa staðið útishús frá 19.-20. öld (skurður 2). Í skurði 1 kom í ljós niðurgröftur, kolalög og sindur sem aldursgreind voru með gjóskulögum frá 880-940. Ekki fannst nein mannvist yngri en frá 940. Í skurði 2 sáust aðeins ummerki um blönduð jarðlög sem myndast við sléttun túna en þar fannst einn járngrípur sem hefur lauslega verið aldursgreindur til 19.-20. aldar.

English Summary

The research aim of the 2018 season was to explore further the fields between the farm Brekkur and the feasting hall by coring to better understand the land use around the farms and map all activity in the area. The northern part of the fields in Hofstaðir were cored every 20 meters and the cores were photographed and recorded.

Little archaeology was discovered in the fields north of the feasting hall. There were some indications of turf or disturbed cultural layers as you might expect after levelling the fields. In the southern part of the field, an iron working area was discovered, about 120 meters northeast of the feasting hall and 350 meters south of the farm at Brekkur. The core samples showed that the iron working area was about 15 x 10 meters big.


Two test trenches were excavated in the area, one (trench 1) were the iron working area was and another (trench 2) were a possible outhouse was standing in the 19. -20. century. In trench 1 there was a cut, charcoal layers and other indications of an iron working area and the remains were dated to 880-940. No cultural layers were found that were younger than 940. In trench 2 no cultural layers were found except for the mixed layers from levelling out the field, but an iron object was found that was dated to the 19.-20. century.



Mynd 38. Skálar á Langanesi. Horft til suðurs yfir syðstu braggabyrpinguna og tvo af könnunarskurðunum. Ljósmynd: Þóra Pétursdóttir.

6.6 Hernámið frá sjónarhóli fornleifafræðinnar – Skálar á Langanesi

Leyfishafi: Þóra Pétursdóttir	Fyrirtæki/stofnun: AHR, UiT The Arctic University of Norway
Rannsóknarnúmer: 2018070046	Númer Þjóms: 2018-63
Staðsetning: A 689424 N 654741	Póstnúmer: 681 Þórshöfn
Vettvangsrannsókn hófst: 20.8.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 24.8.2018
Tegund rannsókna: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Rannsóknaraðilar eru að ánægðir með þær upplýsingar sem rannsóknin, uppgröftur og skráning, veitir, þótt ekki hafi verið mögulegt að framfylgja öllum rannsóknaráformum á vettvangi. Vegna þess hve jarðvegsþekja er þunn og blásin á ásnum þar sem braggabyggðin stóð var ekki talið vænlegt að gera kjarnaboranir á svæðinu. Engum jarðvegssýnum var því aflað til frekari greiningar eins og ráðgert var. Hins vegar má segja að þetta séu í sjálfu sér áhugaverðar niðurstöður sem mögulega varpa ljósi á það að landfræðileg lega hernaðarminja og vettvangsaðstæður á mörgum slíkum stöðum kalla á aðrar aðferðafræðilegar áherslur en hefðbundið er að nýta við rannsóknir eldri minja og minja um langvarandi mannvist.

Ekki tókst að staðsetja eiginlegan ruslahaug eða svæði sem þótti líklegt til sorpurðunar/förgunar með leit á yfirborði. Því var ákveðið að staðsetja könnunarskurði við þá bragga þar sem vistarverur hermanna voru, og voru valin svæði rétt utan við braggana, í gangvegum á milli þeirra og í dyrum, þar sem líklegt er að mannaferðir hafi verið tíðastar. Í öllum skurðum fannst nokkuð af gripum; mikið var af byggingarefni, s.s. nöglum, skrúfum og róm, en einnig gripir sem tengjast hernaði, s.s. magasín og skothylki, og persónulegir munir s.s. munnharpa og hnappar af klæðum. Í öllum skurðum var mikið magna kola og gjalls sem túlkað var sem ofnúrgangur og því líklegt að rusl og úrgangur sem til féll í daglegu lífi í bröggunum hafi verið brenndur á staðnum og svo mokað út

fyrir húsvegginn - jafnvel að öskunni hafi verið dreift í göngustíga á milli og utan bragganna til þess að halda þeim þurrum. Jarðvegsþekja er mjög þunn á svæðinu og urðu könnunarskurðir því ekki djúpir, en grafið var niður á óhreyfðan jarðveg. Skurðirnir sýndu einnig að grýtt yfirborð á ásnum hefur verið jafnað, m.a. með mól (framleidd á staðnum?) áður en braggarnir voru reistir. Auk uppgrafar könnunarskurða var svæðið allt skráð, þar sem hverri byggingu er lýst, hún teiknuð upp, mynduð og hnitsett. Þessi vinna var afar tímafrek en umfang minjanna reyndist töluvert meira en áætlað hafði verið. Auk þess voru hafðir með í för tveir drónar sem nýttir voru til ljósmyndunar úr lofti.

English Summary

Researchers are generally satisfied with the information gathered through the excavation and survey, though all research aims were not fulfilled. Because of how thin the soil cover is in the area where the barracks stood, intentions to gather soils samples through core sampling were dropped. This may however be viewed as a result in itself, bringing to light how the geographical distribution and conditions of military settlements call for different methodological approaches from more "traditional" settlements.

Surface survey proved unable to locate a midden, or likely sites for dumping/burying refuse. Because of this test trenches were located close by the barracks that served as living quarters for soldiers, just outside the barracks, in the walkways between them and in the doorway where human passthrough was frequent. All trenches revealed a number of artifacts; many related to the constructions, such as nails, screws and bolts, but also things related to military functions like magasin clips and cartridges, and personal objects such as parts of a harmonica and buttons from clothing. All trenches also contained much cox and slag, interpreted as oven refuse. It is therefore likely that waste and refuse gathered through daily activities in the barracks was immediately burnt in the stoves and then thrown outside - and even deliberately spread on the walkways to keep them dry. Soil cover in the area is very thin and the trenches turned out rather shallow, though excavated down to undisturbed soil. The trenches also revealed that the rough and stony surface had been levelled out, partly with gravel (possibly manufactured on site?) before the construction of the barracks.


In addition to test trench excavation the whole area was surveyed, where each building/construction was described, drawn, photographed and measured in with GPS. This part of the work was extremely time consuming as the site revealed to be much more distributed than previously thought. Two drones were also used to gather photographic data.

7. Austurland



Mynd 39. Hof í Vopnafirði. Horft yfir norðursnið. Ljósmynd: Þuríður Elísa Harðardóttir.

7.1 Hof í Vopnafirði	
Leyfishafi: Þuríður Elísa Harðardóttir	Fyrirtæki/stofnun: Minjastofnun Íslands
Rannsóknarnúmer: 2018100057	Númer Þjóms: 2018-85
Staðsetning: A 683489 N 578879	Póstnúmer: 691 Vopnafjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 8.10.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 10.10.2018
Tegund rannsóknar: könnunarrannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Til stóð að byggja safnarheimili á staðnum, rétt við eða utan í síðasta bæjarstæðinu á staðnum. Við jarðvinnuna við grunninn komu í ljós mannvistaleifar svo framkvæmdir voru stöðvaðar.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna aldur og eðli þessara minja með því að skoða snið grunnsins og taka borkjarna meðfram norðursniði hans.

Norður- og suðursnið voru hreinsuð og teiknuð upp. Borkjarnar voru teknir meðfram suðursniði. Mannvistarleifar voru rúmlega tveggja metra þykkar, þar sem þær eru mestar. Um er að ræða torfveggi, góflög og rótuð torf- og mannvistarlög. Keramik sem fannst neðarlega í suðursniði er ljós leir með hvítum glerjungu, stundum nefnt fayance. Keramik af þessari gerð hér á landi eru varla eldri en 18. öld en urðu ekki algeng hér á landi fyrr en á 19. öld. Líkur eru á að torfhleðslur og mannvistarlög í sniðinu séu frá 19. öld en hugsanlega eru þau frá 18. öld.

English summary

The church congregation in the area had planned to build a congregation hall, close to the old farm mound at Hof. Diggers started working on the foundation for the house but hit thick cultural layers in the ground, work on the foundation was therefore discontinued.

The aim of the investigation was to clarify the nature and age of these remains. Northern and southern profiles of the base ditch were cleaned up and documented by mapping in scale and photographs. Further more four cores were drilled and mapped by the northern profile (side). The cultural layers are up to more than 2 meters thick. Sod walls and floors could be seen as well as mixed turf and cultural layers. Deep in the southern profile a cream colored ceramic, with white tin glaze was found. Ceramic of this type are hardly older than from the 18th century in Iceland although their production in southern Europe had begun in the 16th century. They first became common in Iceland in the 19th century. In light of the composition of the profiles and the ceramic it is reasonable to assume that the bulk of the remains are from the 19th century.



Mynd 40. Axarvegur. Skurður í tóft SM060:062. Horft í norðvestur. Ljósmynd: Guðrún Alda Gísladóttir.

7.2 Axarvegur, Þingmúli í Skriðdal

Leyfishafi: Guðrún Alda Gísladóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018060063	Númer Þjóms: 2018-40
Staðsetning: A 705913 N 499885	Póstnúmer: 701 Egilsstaðir
Vettvangsrannsókn hófst: 21.6.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 22.6.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um tvær tóftir í landi Þingmúla í Skriðdal í S-Múlasýslu. Þær eru innan áhrifasvæðis vegaf framkvæmda við Axarveg. Grafnir voru könnunarskurði í tvær tóftir (SM060:062 og SM060:063) til að komast að aldri þeirra og hlutverki og til að ganga úr skugga um hvort undir þeim leynist eldri mannvistarlög.

SM060:062 - Tóft um 6 x 4 m að utanmáli, snýr norður - suður og greinist í tvö hólfi. Vélgrafinn var skurður yfir tóftina endilanga með stefnuna N-S, 1 x 7 m. Í ljós kom að útveggir voru byggðir úr streng, og var nyrðri útveggurinn hlaðinn utan í stóran jarðfastan stein, en erfiðara var að skera úr um millivegginn, e.t.v. var hann hlaðinn úr hnaus. Mesta hæð veggja var 0,4 m, lengd nyrðra hólfs var um 2 m, en syðra hólfið var um 1,2 m á lengd. Engin gólfög voru í tóftinni, en þó var einhvers konar lífrænt yfirborð í nyrðra hólfinu. Gjósksyrpan V-1477 / Ö-1362 var óhreyfð undir tóftinni. Þar ofan á var gróf grá gjóska, sennilega V-1717 og er hún einnig í veggjum tóftarinnar.

SM060:063 - Tóft um 5 x 7,5 m að utanmáli sem greinist í tvö áþekk hólfi. Vélgrafinn skurður yfir tóftina endilanga, með stefnuna N-S, 1 x 8 m. Í ljós kom að veggir tóftarinnar, útveggir og innri veggur, voru hlaðnir úr strengjatorfi, ekkert grjót í hleðslunum. Mesta hæð veggja var 0,6 m, lengd nyrðra hólfs var

1,2 m, en syðra hólfið var 2,3 m á lengd. Engin gólfög var að finna inni í tóftinni sem bendir til þess að hún hafi ekki verið undir þaki. Í nyrðra hólfinu voru töluvert lífrænni jarðlög en í því syðra. V-1477 / Ö-1362 gjóskusyrpan var óhreyfð undir tóftinni. Í norðurútvegg hennar var gróf grá gjóska í torfi, líklegast V-1717.

Báðar tóftirnar sem grafið var í eru byggðar eftir árið 1717. Þær eru einföld mannvirki og sennilega þaklausar. Gætu tóftirnar verið aðhald fyrir sauðfé; stekkur eða kvíar.

English summary

The aim of the project was to dig trial trenches in two features (SMO60:062 and SMO60:063) to attempt to date them and determine their function. The work was carried out because of road work.

SMO60:062 - The structure measures 6 x 4 m and is divided into two compartments. A machine-cut trench was excavated through the length of the structure (oriented N-S, 1 x 7 m). All the walls were turf built, with the northern wall built up against a large boulder. Maximum height of the walls was 0,4 m, the northern compartment was 2 m long, the southern compartment 1,3 m. No floors were found within the structure, but there was an organic deposit within the northern compartment. A course grey tephra, probably the V-1717 was found *in situ* underneath the structure, sealing the *in situ* V-1477 / Ö-1362. The same course tephra was found in the turf within the structure.

SMO60:063 - The structure measures 5 x 7,5 m and is divided into two compartments. A machine cut trench was excavated the length of the structure (oriented N-S, 1 x 8 m). All the walls were turf built, no stones were recorded. Maximum height of the walls was 0,6 m, the northern compartment was 1,2 m long, the southern compartment 2,3 m. No floor deposits were found within the structure indicating that it was not roofed. The deposits inside the northern compartment are more organic than those in the southern compartment. The V-1477 / Ö-1362 was found *in situ* underneath the structure. The turf in the northern wall contained a course grey tephra, most likely the V-1717.


Both these structures were built after 1717. They were simple features, not roofed. They were most likely some sort of animal enclosures, probably for sheep.



Mynd 41. Stöð í Stöðvarfirði. Yfirlit yfir báða skálana við lok rannsókna 2018, norður vísar niður.
Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

7.3 Stöð í Stöðvarfirði

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2016070024	Númer Þjóms: 2018-17
Staðsetning: A 738458 N 492135	Póstnúmer: 755 Stöðvarfjörður
Vettvangsrannsókn hófst: 1.6.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 29.6.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Helsti tilgangur rannsókna sumarið 2018 var að komast að því hvort hús 1 (meint smiðja) tilheyri húsi 2 eða 3, eða hvorugu.

Langtíamarkmið:

Af hverju hafði fólk á Stöð lífsviðurværi sitt? Hvernig voru veggir byggðir og úr hvaða efnum? Hve stórir eru hinir meintu skálar? Voru þeir minni eða stærri skálar en meðaltalið á Íslandi, sem er um 16-17 m? Það kann að segja eitthvað um stöðu fólksins.

Eru skálar á Austurlandi eins og skálar þeir sem rannsakaðir hafa verið annarsstaðar á landinu? Næsti rannsakaði skáli til suðurs er Hólmur í Nesjum og næsti rannsakaði skáli til norðurs eru Hofstaðir í Mývatnssveit. Þar á milli eru annars konar hús þekkt svo sem svokallaðar Pálstættur undir Hálsalóni (selstaða?), Ormsstaðir í Eiðþinghá (smiðja), Geirsstaðir í Hróarstungu (kirkja) og Þórarinsstaðir í Seyðisfirði (grafir-eldstæði).

Hvenær hófst búsetan á staðnum? Hvaðan kom þetta fólk?

Er hægt að greina fleiri gjóskulög sem nota má við aldursgreiningar á svæðinu (landsfjórðungnum) í framtíðinni? Þá er átt við önnur lög en þessi hefðbundnu svo sem landnámslagið frá 871±2 og Ö-1362. Gjóskulög frá því rétt fyrir landnámslagið og skömmu eftir það hafa verið greind í veggjum skálanna.

Gjóskugreiningar eru enn mikilvægur hluti rannsókna.

Niðurstaða sumarsins er að hús 1 er hluti af húsi 3, eldri skálanum. Einnig kom í ljós að yngri skálinn er 30,5 m langur og eldri skálinn er yfir 40 m langur.

English Summary

The aim of the summer of 2018 was to find out whether House 1 belonged to House 2 or 3 (the halls).

The long-term aim is:

What is the economical foundation of the people at Stöð? How were the walls built and with what materials? How big are the halls? Were they smaller or bigger than the average

hall in Iceland, which are ca. 16-17 m long? This can shed a light on the social status of the people.

Are halls in E-Iceland like other halls in other parts of Iceland? The next hall to the south that has been excavated is Hólmur in Nesjar and the next to the north is Hofstaðir in Mývatn. Between these halls several kinds of houses are known such as Pálstættur under the reservoir Hálsalón (sheeling), Ormstaðir in Eiðþinghá (smithy), Geirsstaðir in Hróarstung (church) and Þórarinsstaðir in Seyðisfjörður (graves - fireplaces).

When did the people arrive? From where?

Is it possible to find more tephra layers to use in the dating of the site and other remains in the E-Iceland in the future? Other layers than the classic LL-871±2 and Ö-1362.

Tephra layers from the period before the after the LL-871±2 have been analysed in the walls of the halls. Tephra-analysis are still important for the investigation.

The conclusion of the last summer is that House 1 is 30,5 m long and is a part of House 3, also the older hall is longer than 40 m.



Mynd 42. Hoffell. Horft eftir flóðgarði til ASA. Ljósmynd: Lilja Björk Pálsdóttir.

7.4 Hitaveita í landi Hoffells í Hornafirði

Leyfishafi: Lilja Björk Pálsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018100105	Númer Þjóms: 2018-86
Staðsetning: A 677463 N 437838	Póstnúmer: 781 Höfn í Hornafirði
Vettvangsrannsókn hófst: 25.10.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 20.10.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Markmið rannsóknarinnar var að kanna snið áveitugarðs í þeim tilgangi að afla upplýsinga um aldur hans og gerð. Niðurstöðurnar eru að garðurinn er einfalt mannvirki og hann er mjög siginn og ógreinilegur í sniði. Hann var gerður úr áþekktum jarðvegi og þeim sem hann stendur á, þ.e. einsleitum en þéttum og blautum jarðvegi með sandlinsum. Beggja vegna við garðinn mátti greina ummerki um efnistöku og hefur jarðvegi einfaldlega verið mokað upp til að mynda garðinn fremur en að torf væri skorið og garðurinn hlaðinn úr því. Ekki sáust merki um viðgerðir eða endurhleðslu. Engin gjóskulög reyndust í eða við garðinn og því gaf könnunarskurðurinn ekki vísbendingar um aldur garðlagsins.

English summary

The aim of the trench was to record a section of an irrigation boundary in order to gather information about its building techniques and look for possible dating-evidence (tephras). The section revealed that the boundary wall was a simple construction, but it was quite flattened and unclear in the section. The wall was made from the upcast from material similar to the material it stands on, which is uniform, wet and quite compact silt with bands of sand. No tephras or other datable materials were found.

8. Suðurland



Mynd 43. Arfabót. Skemman fullgrafin. Sjá má fiskastein u.þ.b. fyrir miðri mynd. Fremst er stétt sem hefur staðið fyrir framan þilið og innst má sjá sáfar með fóðringu. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

8.1 Arfabót á Mýrdalssandi

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2017050063	Númer Þjóms: 2018-20
Staðsetning: A 527383 N 330467	Póstnúmer: 881 Kirkjubæjarklaustur
Vettvangsrannsókn hófst: 2.7.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 17.7.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Helstu langtímamarkmið verkefnisins eru:

- 1) Að kanna gerðfræði bæjarhúsanna í Arfabót með tilliti til þróunar húsagerðar á Íslandi.
- 2) Að kanna búskaparhætti í Arfabót. Skepnuhald, verkmenningu og hugsanlega framleiðslu á lýsi og nýtingu á melgresi.
- 3) Að kanna áhrif Kötlugosa á byggðina á Mýrdalssandi.
- 4) Að setja örlög byggðarinnar á Mýrdalssandi í samhengi við áhrif gosa (og jarðskjálfta) á byggðapróun á Íslandi frá öndverðu.
- 5) Að gera rústirnar í Arfabót sýnilegar gestum og gangandi (síðasta skeið bæjarins).
- 6) Að kanna upphaf byggðar í Arfabót. Líkur eru á því að byggð hafi hafist í Arfabót þegar á landnámsöld og mikilvægt er að staðfesta það, þó ekki verði það kannað meira en svo að sinni.
- 7) Stefnt er að því að staðsetja (GPS) fleiri bæjarrústir á Mýrdalssandi á meðan á vettvangsvinnu stendur með aðstoð staðkunnugra, en vitneskja um þær er á hverfanda hveli.

Aðalviðfangsefni rannsókna sumarið 2018 var hús C sem reyndist vera skemma. Er hún stærsta skemma sem rannsökuð hefur verið hér á landi fram að þessu, sem gefur fyrirheit um stærð bæjarins. Er hún 3 x 9,2 m stór eða 27,6 fermetrar. Í henni innaverðri var sáfar sem klætt var torfi og fyrir miðju var fiskasteinn. Ekki fundust margir gripir, en talsvert var af fiski- og skepnubeinum, einkum við fiskasteinin. Húsið var afar vel farið í sandinum.


English Summary

The long-term goals of the excavations are:

- 1) To investigate the typology of the farmhouses in Arfabót.
- 2) To investigate the economy of the farm (animals, technology and possible oil (blubber) production) and the utilization of lyme grasses.
- 3) To investigate the impacts of eruptions in Katla on the area.
- 4) To put the destiny of the area in Mýrdalssandur in context of the impact of eruptions (and earthquakes) on the development of farming in Iceland from the beginning of occupation.
- 5) To make the ruins visual for the general public (the last phase).
- 6) To investigate the beginning of occupation on the site. It is likely that occupation in Arfabót started in the Viking Age.
- 7) It is aimed at to situate (GPS) more farm ruins on Mýrdalssandur with a help from the local people.

The main goal of the 2018 season was to excavate House C which was a storage house (food and tools), the biggest investigated storage house so far in Iceland which could be an indicator of the size of the farm. It measured 3 x 9,2 m or 27,6 square metre. Deep inside the house was a dugout for a barrel (food preservation) insulated with turf. In the middle was a fish stone (to hammer the dried fish). Few artifacts were found, but some fish- and animal bones were found, especially around the fish-stone.

The house was very well preserved in the sand.



Mynd 44. Seljaland. Tephra contouring trench with modelled surfaces of volcanic airfall (tephra) deposits from the first centuries of Iceland's settlement in the Viking Age. Mynd: Alexis Pantos.

8.2 Seljaland - Tephra contouring and medieval woodland: archaeological innovation within a geological paradigm

Leyfishafi: Kristjan Ahronsson	Fyrirtæki/stofnun: Wolfson College, Oxford
Rannsóknarnúmer: 2018090025	Númer Þjóms: 2018-76
Staðsetning: A 450965 N 345861	Póstnúmer: 861 Hvolsvöllur
Vettvangsrannsókn hófst: 13.9.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 21.9.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Rannsóknin okkar notar gjóskulagafræði á Seljalandi (V-Eyjafjallahreppur, S-Ísland). Aðferðin okkar lofar góðu, sérstaklega til að kanna stjórnun skóglendis á Víkingaöld og til að skilja áhrif manna á það á fyrstu öldum eftir landnám. Í rannsókninni okkar notum við myndmælingafræði (photogrammetry) og könnunarskurði til að betrubæta og þróa hæðarlíkan út frá gjóskulagamæl-ingum (tephra contouring) sem nýja tækni til að rannsaka gjósku. Hæðarlíkanið er ný tækni sem við þróuðum til að nýta við fornleifarannsóknir, en fyrirmyndin kemur úr jarðfræði.

Byggt á Dugmore et. al. og módeli Haraldssonar um landslagsbreytingar, drógum við upp þrívíddarmynd af yfirborði gjósku frá eldgosinu í Kötlu c. AD 920 og Vatnaöldum AD ~870, á cm-mælikvarða. Þetta var gert til þess að skilja hversu mikið breytingar í gróðri endurspeglar formgerð gjóskunnar og til að takast á við spurningar um stjórnun skógar á fyrstu öldum eftir landnám. Gjósku-hæðarlíkanið (tephra contouring) bendir til þess að á Seljalandi AD ~870 hafi verið opið graslendi og að mögulega hafi fé og geitur markað spor sín í ferska gjóskuna. Verkefnið okkar þróar og fínþússar hæðarlíkans-tæknina með því að nota myndmælingafræði til að skrá smáatriði í yfirborði gjóskulaganna.

English Summary

Our excavation at an upland site uses volcanic airfall deposits (tephrochronology) at Seljaland (V-Eyjafjallahreppur, S-Iceland). Our tephra contouring technique has demonstrated considerable promise, specifically for investigating Viking-Age woodland management at Seljaland, and for understanding the first centuries of human impacts in that landscape.

Our fieldwork on a relict area of raised pastureland at Seljaland uses photogrammetry and targeted trial trenching to refine and develop tephra contouring as a new technique for investigating the tephra record of past land surfaces. Tephra contouring is an original technique we have pioneered, as an archaeological innovation within a geological paradigm.

Building upon Dugmore et al's and Haraldsson's models of landscape change, we contoured the 3D surface of in situ cm-scale airfall deposits from the eruption of Katla c. AD 920 as well as Vatnaöldur AD ~870 in order to understand the extent to which variation in vegetation cover is reflected by the morphology of tephra horizons and to address questions of ninth- and tenth-century deforestation in coastal Iceland. Tephra contouring suggests open grassland at Seljaland AD ~870 and perhaps sheep or goat tracks through freshly deposited tephra. Our Project develops and refines the tephra contouring technique by using photogrammetry to record the micro-detail of tephra layer surfaces.



Mynd 45. Samsett loftmynd tekin með dróna sem sýnir fallna hella syðst í Oddatúni, Rangárvöllum. Svartar línur eru hæðalínur og rauðir ferhyrningar eru staðsetningar könnunarskurða. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

8.3 Fallnir hellar í Oddatúni, Rangárvöllum

Leyfishafi: Kristborg Þórsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifastofnun Íslands ses.
Rannsóknarnúmer: 2018050160	Númer Þjóms: 2018-29
Staðsetning: A 431420 N 364110	Póstnúmer: 851 Hella
Vettvangsrannsókn hófst: 6.6.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 8.6.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Sumarið 2018 fór fram forrannsókn á manngerðum hellum í Odda á Rangárvöllum. Rannsóknin er hluti af Oddarannsókninni sem er samstarfsverkefni Oddafélagsins og Fornleifastofnunar Íslands ses. Grafnir voru tveir könnunarskurðir í svokölluðum Hellirsdölum sem eru syðst í túninu í Odda. Helstu niðurstöður eru þær að djúpar og langar lautir í Hellirsdölum eru í raun fallnir manngerðir hellar. Í öðrum skurðinum var grafið í fallinn helli, meintan nautahelli sem getið er í Jarleinabók Þorláks helga biskups frá 1199. Í hinum skurðinum var komið niður á uppstandandi helli og forskála framan við hann. Allt bendir til þess hellarnir hafi verið tengdir og að þeir hafi verið grafnir út á 10. öld en fallið úr notkun seint á 12. öld þegar stærri hellirinn hrundi.

English Summary

In 2018 two test trenches were dug in an area called Hellirsdalur (lit. "Cave Valleys") in the old homefield of Oddi, a regional power centre in South Iceland, seat of one of the leading aristocratic families of the Commonwealth period and later a major ecclesiastical centre. The place name and the topography suggest collapsed manmade caves which may be linked with the earliest written evidence for manmade caves in Iceland. Among the miracles of St Þorlákr, collected in 1199 to support his canonization, there is a story of a

cattle-cave in Oddi which collapsed and killed all the cattle inside, except for one cow which was rescued thanks to an invocation to the saint. It has been suggested that the cave of this story is one of the collapsed caves in Hellirsdalir. The 2018 excavation confirmed that the long and deep depressions in Hellirsdalir are indeed collapsed manmade caves. In addition, a small, intact, cave was discovered which connects to the collapsed one. Based on tephrochronology the small cave is thought to have been dug out in the 10th century and was already out of use sometime before the Hekla eruption in 1206.



Mynd 46. Minjavörður teiknar snið í afhelli Hlöðuhellis á Ægissíðu. Ljósmynd: Oddgeir Isaksen.

8.4 Ægissíðuhellar – afhellar í Hlöðuhelli

Leyfishafi: Uggi Ævarsson	Fyrirtæki/stofnun: Minjastofnun Íslands
Rannsóknarnúmer: 2018050161	Númer Þjóms: 2018-32
Staðsetning: A 430747 N 371231	Póstnúmer: 851 Hella
Vettvangsrannsókn hófst: 31.5.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 31.5.2018
Tegund rannsóknar: könnunarrannsókn	Aðferð: uppgröftur



Í samráði við Minjastofnun Ísland voru framkvæmdir við hellinn hafnar, þ.e. að hreinsa hrun úr hellinum og gera við þak (hellisberg) hellisins, sem var hrunið á kafla. Sætt var færís þegar mokað var út úr hellinum til að athuga hvort mannvistarleifar myndu finnast við þær framkvæmdir. Framkvæmdir við standsetningu hellanna var kjörið tækifæri til að freista þess að bæta við þekkingarbankann um manngerða hella. Hlöðuhellir er friðlýstur líkt og margir aðrir manngerðir hellar á Suðurlandi.

Kantaður afhellir úr hlöðuhelli var hálffullur af taði og mold. Mokað var út úr hellinum undir eftirliti minjavarðar. Bálfar með langveggjum voru látnir vera til frekari rannsóknar. Eins var mokað út úr innri hluta meginhellisins sem ekki hefur verið aðgengilegur í yfir 100 ár. Þar í botninum var einnig skilinn eftir bálfur til rannsóknar. Bálfar í afhellinum samanstóðu af mold en tað jókst eftir því sem neðar dró. Sýni var tekið úr taðinu neðst við hellisgólfið í því augnamiði að hugsanlega væri hægt að aldursgreina ullarleifar sem enn voru sýnilegar í taðskáninni. Ekki fundust eldsmerki eða gripir.

Í botni meginhellisins var skilinn eftir bálfur. Þegar farið var að skoða hann nánar komu grjóthellur í ljós sem settar höfðu verið upp á rönd og líktist einna helst sem jata hafi verið afmörkuð með hellunum. Fölbleikt lag var undir moldarlagi sem bar svipmót móösku en engir kolablettir fundust í laginu og er vinnukenningin að um myglu sé að ræða þar eða hvít mygla þakti bleika lagið að

miklu leyti. Sýni var tekið úr bleika laginu. Hvorugt sýnanna hafa verið aldursgreind. Ekki var klárað að rannsaka mannvirkið í botni meginhellisins og bíður það vetrarins 2019 - 2020.

English Summary

When it came apparent that Hlöðuhellir cave in Ægissíða was going to be "fixed/renovated" the Minjastofnun's cultural heritage manager for South Iceland took it as an opportunity to carry out a small research with the aims of understanding the role of the cave and possibly to get some dates on it. Hlöðuhellir is a listed monument, as many of the man-made caves in South Iceland are.

When Hlöðuhellir cave was emptied out bulks of earth were left along the long sides of the square sub cave. The bulks were excavated, and a sample taken from the dung in attempt to date the organic materials within the dung e.g. bits of hair/wool. At the base (end) of the main cave a bulk from soil and dung were partly excavated. A simple structure of flagstones on edge were coming alight when the work had to stop. The excavation will be finished during the winter 2019 - 20.



Mynd 47. Skálholt. Loftmynd af uppgriftarsvæði [5000]. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

8.5 Skálholt. Nemendauppgröftur

Leyfishafi: Angelos Parigoris	Fyrirtæki/stofnun: Háskóli Íslands
Rannsóknarnúmer: 2015080040	Númer Þjóms: 2018-55
Staðsetning: A 425685 N 403354	Póstnúmer: 801 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 27.8.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 31.8.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: uppgröftur



Uppgröftur fór fram dagana 27. - 31. ágúst 2018. Alls tóku 12 nemendur þátt undir umsjón tveggja fornleifafræðinga. Haldið var áfram að grafa á svæði [5000] sem staðsett er SA af Skálholtskirkju. Helstu minjar sem eru sjáanlegar á svæðinu eru eftirfarandi:

- Steinahleðslur eða mögulegar traðir eru í NV horni uppgriftarsvæðis. Traðirnar liggja í austur-vestur. Þær eru byggðar inn í ruslalög (móaska, aska, kol, bein og gripir) að norðanverðu en eru mikið raskaðar eftir nútíma framkvæmdir að sunnanverðu og þar er aðeins neðsta steinaröðin eftir.
- Hellulögð stétt er staðsett austan við traðirnar og nær yfir um 6 fermetra flöt.
- Bygging í SA hluta uppgriftarsvæðis sem er sennilegast leifar af 18. aldar prenthúsi sem var flutt frá biskupssetrinu á Hólum í Hjaltadal. Byggingin hefur aðeins verið grafin fram að hluta en í jarðlögum fyrir utan bygginguna hafa nú fundist þrjár prentstafir.
- Bygging í NV hluta uppgriftarsvæðis. Byggingin er töluvert mikið röskuð eftir traðirnar sem eru síðari tíma mannvirki. Veggurinn sem tilheyrir byggingunni heldur áfram í sniði í norðaustur- og norðvesturátt.

Alls voru skráð átta mannvistarlög. Fimm þeirra voru skráð, mæld og grafin að fullu. Í eitt þeirra var ákveðið að gera lítinn könnunarskurð með því markmiði að meta dýpt þess og umfang. Torfveggnum í NV horni uppgriftarsvæðisins var

gefið eininganúmer og hann ljósmyndaður. Áætlað er að rannsaka hann nánar á næsta uppraftartímabili og mögulega verður svæðið stækkað til þess að fá mannvirkið fram að fullu. Einnig verður torfhrun í SA horni grafið á næsta ári. Gripir sem komu í ljós við rannsóknina voru eftirfarandi: leirkersbrot með upp-hleyptu skrauti, postulín, bæði fin og gróf jarðleirsbrot, prentstafur úr blýi, hnappar (úr málm og blýi), dýrabein, gler, kítarpípubrot, járngripir (aðallega naglar og hnoðnaglar) og tveir leðurbútar.

English Summary

The excavation at Skálholt took place during 27 - 31 August 2018. Twelve students from the University of Iceland participated under the supervision of two teachers. The main excavation area, [5000], is situated SE of the Skálholt Cathedral. The main archaeological features of the site are:

- a) Stonewall boundaries marking an E-W oriented pathway located at the NW part of the site. The northern wall is built up against midden layers containing peat ash, ash, charcoal, burnt bones, bones and artefacts. The south wall is truncated by modern intrusions and consists of one row of stones.
- b) Paving situated east of the pathway and covers an area of around 6 square meters.
- c) A turf building at the SE corner of site. The structure may possibly be the remains of the 18th century print house that was transferred from Hólar bishopric. The building is partly uncovered. Three lead types (printed letters, used for letterpress printing) have been found outside the structure.
- d) A turf structure located at the NW corner of site. The building is heavily truncated by the aforementioned pathway at W. The wall of the structure runs beneath NW and NE baulk of the excavation area.

Eight deposits were identified. Five were fully excavated and recorded. A small trench was opened in one deposit to assess its extent. The turf wall at the NW corner of site was photographed and given a context number. Further investigation of the turf wall will ensue next season. Potential expansion of the site to reveal the full extent of the wall will also be decided next year. Lastly, a turf collapse deposit at the SE corner will be excavated next year.

Artifacts recovered included, a decorated pottery fragment, porcelain, fine and coarse earthenware fragments, a lead type (used for letterpress printing), buttons (metal & lead), animal bone fragments, glass, clay pipe fragments, iron objects (mainly nails and rivets) and two pieces of leather.



Mynd 48. Stór hluti flaksins á botni Þingvallavatns. Myndin gefur góða hugmynd um varðveislu bátsins. Sjá má tjöru vinstra megin og hinn meinta manngerða kant til hægri. Ljósmynd: Erlendur Bogason.

8.6 Forkönnun á bátsflaki í Þingvallavatni

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2018100072	Númer Þjóms: 2018-84
Staðsetning: N/A	Póstnúmer: 801 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 26.10.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 26.10.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsóknarinnar var að staðfesta fund bátsflaks í Þingvallavatni, taka sýni (viðarsýni og jarðvegssýni) úr flakinu og kanna aðstæður og gerð bátsins. C-14 greining bendir til þess að báturinn sé frá 16. öld. Jarðvegssýni sem greint var eftir að skýrslu var skilað sýnir að líklega er yfirborðið gamla umhverfis bátinn um 1200 BC.

Báturinn er súðbyrtur og byggður úr skógarfuru.

English Summary

The aim of the research was to verify a wreck in the lake of Þingvallavatn, take samples (wood and soil) and to investigate the surroundings and the type of boat.

C-14 suggests that the boat is from the 16th century. Soil sample from an old surface is 1200 BC.

The boat is clinker-built made of pine (*pinus silvestris*).



Mynd 49. Vorsabær. Einn af þremur skurðum sem gerðir voru í Svartakofahól. Ljósmyndari: Margrét H. Hallmundsdóttir.

8.7 Vorsabær við Hveragerði

Leyfishafi: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Náttúrustofa Vestfjarða
Rannsóknarnúmer: 2018050165	Númer Þjóms: 2018-31
Staðsetning: A 393252 N 389110	Póstnúmer: 820 Eyrarbakki
Vettvangsrannsókn hófst: 7.6.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 8.6.2018
Tegund rannsókna: framkvæmdarannsókn	Aðferð: könnunarskurðir



Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða tók að sér að gera uppmælingar á minjum og könnunarskurði í tengslum við framkvæmdir og gatnagerð í landi Vorsabæjar við Hveragerði. Hveragerðisbær er byggður í landi Vorsabæjar. Fyrirhugað er að iðnaðarlóðir og iðnaðarhúsnæði risi á svæðinu. Að kröfu minjavarðar Suðurlands voru gerðir alls átta skurðir í minjar innan túngarðs á bæjarstæði Vorsabæjar. Mannvistarleifar fundust í þremur af þeim. Skurður A: Þrjú skurðir voru gerðir í Svartakofahól en í örnefnaskrá segir um hann: „Svartakofahóll: Hóll í Vesturtúni, norðvestur af bænum. Þar stóð áður fjárhús“ í tveimur skurðanna var strax komið niður á klöpp en í einum þeirra sem hér nefnist skurður A var komið niður á mannvistaleifar. Í sniði komu í ljós tveir veggir af byggingu úr torfi og grjóti. Hægt var að greina að þak hafði fallið inn í rústina en líklegt er að rústin hafði fallið saman. Breidd milli veggja bendir

til að skurðurinn hafi verið gerður þvert á rústina og að líklega er um að ræða fjárhúsið sem örnefnaskrá segir að hafi staðið á hólnum. Mörg órofin gjóskulög sem sáust undir rústinni staðfesta að ekki var eldri rúst undir þessari. Í skurðunum þremur sem gerðir voru í kring kom aðeins í ljós klöpp og það er því ljóst að fjárhúsið hefur verið byggt á stórri hraunklöpp og stærð hólans því ekki umfang minja heldur aðeins náttúrleg hraunklöpp.

Skurður B: Skurður B var gerður á hól sem stóð um 45 m suðaustur af Svartakofahól. Þrjú langir skurðir voru gerðir á hólnum. Mannvistarleifar fundust aðeins í einum skurði, skurði B, en strax var komið niður á klöpp í hinum tveimur. Greinilegt að um er að ræða útihús eins og á Svartakofahól. Gólfskán staðfesti að um var að ræða útihús. Þetta útihús hefur verið flatt úr og var torf og grjót á nokkuð stóru svæði og greinilegt að tæki hafði verið notað við sléttunina. Þó mátti enn greina neðsta hluta.

Skurður C var tæknilega ekki skurður þar sem verktaki hafði þegar gert 5 m langt skarð í báða túngarðana þegar á staðinn var komið. Notast var við sniðið í þeim skurði. Ljóst var að gamli túngarðurinn er mjög gamall. Það sást vegna þess hversu mikið útflattur og sokkinn hann var. Gjóskulagarannsókn á garðinum leiddi í ljós að miðaladalagið (1226) var í torfi svo garðurinn var yngri en það en Katla 1500 fannst ekki. Garðurinn er því nokkuð gamall, líklega gerður á 13.-14 öld.

English summary

The Archaeological Department of Náttúrustofa Vestfjarða carry out surveys and test trenches in connection with construction and street construction in the Vorsabær near Hveragerði. It is planned that industrial sites and industrial buildings will rise in the area. At the request of Minjastofnun a total of eight trenches were excavated. Cultural layers were discovered in three of them.

Trench A: Three trenches were made in Svartakofahóll. Previously, there was a sheep house on that hill according to written documents. Two trenches hit bedrock, but in one, called A, there were remains of a sheep house. In the profile, two walls of a turf structure were revealed. It was possible to detect a roof that had fallen into the ruin. Many unbroken tephra layers that were under the rubble confirm that there was no older building underneath.

Trench B was made on a hill that stood about 45 m southeast of Svartakofahóll. Three long trenches were made on the hill. Cultural layers were found only in one (B), this is an outhouse like at Svartakofahóll. This outhouse has been flattened with machinery and turf and rocks were detected in a fairly large area.

Trench C was not technically a trench because the developer had already made a 5 m long gap in the boundary wall of the farm. The profile in this gap was cleaned and revealed a very flat wall of turf, which looked very old. Geologists came to the site and took samples from the tephra in the turf of the wall and concluded that the tephra in the wall was from 1226 and the wall most likely from the 13th – 14th century.

9. Reykjanes



Mynd 50. Gamli Keflavíkurbærinn. Mynd tekin með dróna í lok rannsóknar. Sjá má vegginn með ytri og innri steinahleðslu og gólf og meint gólf hvort sínu megin. Hægra megin við lóðréttu steinaröðina er áfokslag. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

9.1 Gamli Keflavíkurbærinn í Reykjanesbæ

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2018020088	Númer Þjóms: 2018-8
Staðsetning: A 326015 N 394276	Póstnúmer: 230 Reykjanesbær
Vettvangsrannsókn hófst: 8.5.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 16.5.2018
Tegund rannsóknar: vísindarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Tilgangur rannsóknarinnar á bænum er þríþættur.

- 1) Að kanna ástand gamla Keflavíkurbæjarins með tilliti til frekari rannsókna síðar meir.
- 2) Að kanna hvort fleiri rústir kunni að leynast á túninu við bæinn, ef til þess vinnst tími.
- 3) Að gera rústir bæjarins sýnilegar í áföngum fyrir gesti og gangandi.

Langtímamarkmið rannsókna er að grafa fram allan bæinn (síðasta skeið hans) og gera þær sýnilegar og halda þeim við þannig. Einnig er markmiðið að kanna upphaf bæjarins með prufuholugrefti á heppilegum stöðum og taka viðarkolasýni til aldursgreininga.

Niðurstaðan var að ástand bæjarins virðist mjög gott ef marka má það sem sást í prufuholunni. Bærinn hefur farið í eyði í lok 18. aldar og yngri ruslalög (frá verslunarrekstri m.a.) lent ofan í rýmum bæjarins þar sem kannað var.

English summary

The aim of the excavation was:

- 1) To investigate the preservation of the remains of the farm.
- 2) To investigate whether there are more ruins in the field around the farm, if possible.
- 3) To make the ruins visual, in steps, for the public.

The long-term aim of the investigation is to excavate the farm in its whole (its last phase) and make them visual for the general public for the future. Another aim was to find out the oldest phase of the farm by trial excavations.

The result shows that the ruins are in good shape and they were abandoned at the end of 18th century. After that younger rubbish layers covered the ruin, at least partly.



Mynd 51. Duustún í Keflavík. Um 1 m breitt snið í skurðinum við stakkastæðið. Steinaröðin eru úr stakkastæðinu. Hvíta örin sýnir steinkol. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.

9.2 Duustún í Keflavík

Leyfishafi: Bjarni F. Einarsson	Fyrirtæki/stofnun: Fornleifafræðistofan
Rannsóknarnúmer: 2018100048	Númer Þjóms: 2018-81
Staðsetning: A 326038 N 394223	Póstnúmer: 230 Reykjanesbær
Vettvangsrannsókn hófst: 10.10.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 19.10.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmdaefirlit	Aðferð: blönduð tækni



Tilgangur rannsóknarinnar var eftirlit vegna framkvæmda og að skrá og ljósmynda þær minjar sem í ljós kunnu að koma við þær. Eftirlitið var haft að kröfu Minjastofnunar Íslands.

Í ljós komu ungar minjar undir sverði á norðanverðu svæðinu, bæði ungir gripir, brún á ungu stakkastæði og mannvistarlagsslettur með fáeinum steinkolsmolum. Ekkert kom upp sem tengja mátti gamla Keflavíkurbænum.

English summary

The aim of the investigation was to supervise entrepreneurs on the site and register and photograph cultural remains that might pop up. This was a demand from the heritage authorities.

Young remains were seen in cuts on the north side of the site, young artifacts, edges of a fish-drying plan and isolated cultural layers with few hard-coal lumps.


No traces of cultural layers were found that could be linked to the old Keflavík farm.



Mynd 52. Kaldárselsvegur. Horft yfir skurðinn til SA. Ljósmynd: Atli Rúnarsson.

9.3 Kaldárselsvegur, breyting á legu vegar

Leyfishafi: Katrín Gunnarsdóttir	Fyrirtæki/stofnun: Byggðasafn Hafnarfjarðar
Rannsóknarnúmer: 2018060071	Númer Þjóms: 2018-42
Staðsetning: A 357138 N 397990	Póstnúmer: 801 Selfoss
Vettvangsrannsókn hófst: 26.6.2018	Vettvangsrannsókn lauk: 28.6.2018
Tegund rannsóknar: framkvæmdarannsókn	Aðferð: blönduð tækni



Markmið rannsóknarinnar var að komast að aldri garðsins, gerð hans og hvort eldri minjar væru undir garðinum.

Garðurinn er ekki ýkja gamall, engin gjóskulög fundust og ofan á honum lá verksmiðjugert járnbindingarör. Rörið var 131 cm á lengd og um 2 cm í þvermál. Þar sem ekki var farið að nýta þessa jörð fyrr en upp úr 1930 er ekki við öðru að búast en að garðurinn sé yngri en það.

Eini gripurinn sem fannst var áður nefnt járnbindingarör, en það var ekki hirt. Lágu samskonar rör við ýmis niður nídd landbúnaðartæki á túninu. Í *Íslenskri Byggingararfleið I* segir Hörður Ágústsson að „[...] snemma var farið að binda steypuna með mjóum járnum, einkum yfir glugga- og dyraopum en þó mest í loftum og stigum þegar þar var farið að nota steinsteypu.“ Þar sem ekki var farið að nota steinsteypu sem byggingarefni að einhverju viti fyrr en í upphafi 20. aldar er u.þ.b. 1930 ekki ólíklegur aldur á garðinum.

Ekki er hægt að tala um eiginlegan strúktúr þegar kemur að gerð garðsins þar sem ekki er um eiginlega hleðslu að ræða. Líklega hefur smágrjótinu verið komið þarna fyrir þegar túnin voru hreinsuð. Ekkert torf var til staðar og hefur grjótinu verið komið fyrir beint ofan á jörð.

Engin gjóskulög fundust sem hægt hefði verið að nota til aldursgreiningar, þrátt fyrir að grafið hafi verið töluvert niður fyrir garðinn, og engin sýni voru tekin.

English Summary

The aim of the research was to date the wall, look at its structure and see if older remains could be found underneath it. No tephra layers were found and on top of the wall was a factory-made iron pipe. The tube was 131 cm in length and about 2 cm in diameter. The only item found was the factory-made iron pipe, it was not collected. Similar pipes were found nearby. This land was not used until 1930 and therefore the wall is most likely younger than that. Use of concrete as a building material to some extent was not until the beginning of the 20th century therefore the estimated age for the wall is around 1930. The wall has no actual structure, the smaller stones have probably been there when the wall was built, before the field was cleaned of rocks. There was no turf in the wall and the rocks had been placed directly on the ground.

No tephra layers were found that could have been used for age analysis and no samples were taken.

10. Aðrar rannsóknir

Auk rannsóknanna sem fjallað er um hér að framan voru gefin út sjö rannsóknarleyfi sem fá ekki sérstaka umfjöllun:

Lísabet Guðmundsdóttir hafði eftirlit með lagningu veituskurða við Vesturlandsveg við Esjurætur (2018030019). Túngarðurinn sem búið var við að gæti komið fram við framkvæmdirnar var ekki varðveittur og öllu svæðinu hafði greinlega verið raskað áður. Steinunn Kristjánsdóttir stóð fyrir uppgrefti á þremur stöðum undir merkjum rannsóknarinnar „Dysjar hinna dæmdu“ (2018060060 (Hagi), 2018060061 (Vaðall), 2018060062 (Miklidalur)). Ekkert fannst við uppgreftina. Katrín Gunnarsdóttir gerði framkvæmdarannsókn við lóðina Bakkatún 4 á Svalbarðseyri vegna fyrri vísbendinga um mögulegar minjar á svæðinu (2018020087). Engar minjar komi í ljós við rannsóknina. Lísabet Guðmundsdóttir stóð fyrir rannsókn á Sýslumannstúni á Hvolsvelli þar sem leitast var við að kanna hvort minjar væru undir fjósi sem reist var á túninu (2018090001). Engar minjar komu í ljós. Óskar Leifur Arnarson hafði eftirlit með veituframkvæmdum við Brunnaverstöð í Látravík (2018040048), en vershöðin er friðlýst. Engar minjar komu í ljós við eftirlitið.

Veitt var leyfi til einnar rannsóknar sem ekki fór fram, framkvæmdarannsókn Ármanns Guðmundssonar á lóð Aðalstrætis 12b á Akureyri (2018040001).

11. Myndaskrá

Mynd 1. Rannsóknir á Íslandi árið 2018. Númerin vísa til kafla í skýrslunni. Sums staðar eru fleiri en ein stjarna með sama númer og er ástæða þess að í sumum rannsóknum eru fleiri en einn staður rannsakaður undir sama rannsóknarnúmeri.	4
Mynd 2. Bessastaðir, uppgriftarsvæði A. Ljósmynd: Dag-Óyvind Engtrø Solem. NIKU.	5
Mynd 3. Móakot, Seltjarnarnesi. Drónamynd af uppgriftarsvæðinu við lok rannsóknar. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.	7
Mynd 4. Suðurgata 6, Reykjavík, suðursnið. Ljósmynd: Howell M. Roberts.	9
Mynd 5. Steinbryggjan, Reykjavík. Ljósmynd: Hildur Gestsdóttir.	11
Mynd 6. Loftmynd af Naustatorgi í Reykjavík við rannsókn. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.	13
Mynd 7. Undirstöður grunna verslunarhúsa í Hafnarstræti 18, Reykjavík. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.	14
Mynd 8. Lækjargata 12, Reykjavík. Eystri langveggur skálans, sem hefur verið raskað verulega vegna seinni tíma framkvæmda. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.	16
Mynd 9. Þingholtsstræti 25a, Reykjavík. Ljósmynd: Lilja Björk Pálsdóttir.	17
Mynd 10. Hópmynd af nemendum og leiðbeinendum eftir opnun svæðis A í Árbæ í Reykjavík, tekin á fyrsta degi uppgriftar. Ljósmynd: Margrét Björk Magnúsdóttir.	18
Mynd 11. Horft yfir framkvæmdasvæðið við Mosfellskirkju. Ljósmynd: Ragnheiður Traustadóttir.	20
Mynd 12. Drónamynd af könnunarskurði á Húsafelli. Í skurðinum sjást veggir myllunnar. Ljósmynd: Kevin Martin.	22
Mynd 13. Kvennabrekka. Rannsóknarsvæðið við lok rannsóknar. Ljósmynd: Ármann Dan Árnason.	24
Mynd 14. Ólafsdalur. Ljósmynd tekin úr lofti af uppgriftarsvæðinu við lok uppgriftar. Ljósmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.	26
Mynd 15. Flatey á Breiðafirði. Orthografísk yfirlitsmynd af flaki Melckmeyt. Mynd: John McCarthy.	28
Mynd 16. Bíldudalshöfn. Framkvæmdasvæðið séð til austurs. Ljósmynd: Óskar Leifur Arnarsson.	30
Mynd 17. Strandgata 1 á Bíldudal. Fyrir miðju má sjá vegg sem tilheyrja kjallara kaupmannshúss Péturs Thorsteinssonar frá síðari hluta 19. aldar. Rannsóknarsvæðið var milli kaupfélagshússins og fiskvinnslu Arnarlax. Ljósmynd: Jón Ragnar Gunnarsson.	32
Mynd 18. Hafnarbraut 2, Bíldudal. Unnið að fornleifarannsókn á brotakenndum minjum norðvestan við kaupfélagshúsið (skrifstofur Arnarlax) á Bíldudal. Ljósmynd: Jón Ragnar Gunnarsson.	34

Mynd 19. Hleðslur af Langaskúr sem komu í ljós við höfnina á Bíldudal. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir.	36
Mynd 20. Skálinn á Parti í landi Auðkúlu. Ketildalir í baksýn. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir.	38
Mynd 21. Öskuhaugur á Bauluhúsum. Ljósmynd: Svavar Nielsson.	40
Mynd 22. Kleifar í Dýrafirði, steingólf í hjallinum. Ljósmynd: Margrét H. Hallmundsdóttir.	41
Mynd 23. Drónamynd af Sandvík á Ströndum. Ljósmynd: Morten Ramstad.	43
Mynd 24. Tjarnar á Varðnesi. Ljósmynd úr dróna sem sýnir rústina. Ljósmynd: Guðmundur Stefán Sigurðarson.	44
Mynd 25. Þingeyrar. Yfirlitsmynd tekin við lok uppgrafter sumarið 2018. Ljósmynd: Indriði Skarphéðinsson.	46
Mynd 26. Spákonufell á Skagaströnd. Horft til suðurs yfir bæjarhól og meintan kirkjugarð. Ljósmynd: Guðný Zoëga.	48
Mynd 27. Loftmynd af uppgrafter svæðinu á Geldingaholti í Skagafirði, tekin með dróna. Ljósmynd: Guðmundur St. Sigurðarson.	50
Mynd 28. SCASS. Könnunarskurður 2 í Grænagerði, Skagafirði. Ljósmynd: Kathryn Catlin.	52
Mynd 29. Hegrans – SCASS. Borkjarnar teknir á Ásgrímsstöðum. Ljósmynd: Kathryn Catlin.	54
Mynd 30. Hegransþing - SCASS. Tyler Perkins grefur upp túngarð. Ljósmynd: John M. Steinberg.	55
Mynd 31. Utanverðunes. Yfirlitsmynd sem sýnir legu könnunarskurðar, horft til norðausturs. Ljósmynd: Guðný Zoëga.	57
Mynd 32. Horft til suðurs yfir bæjarhól og tvöfalda túngarða á Réttarkoti/Sólheimum í Fljótum. Ljósmynd: Kári Gunnarsson.	59
Mynd 33. Garðlag í landi Þorsteinsstaða, Svarfaðardal. Ljósmynd: Lilja Björk Pálsdóttir.	61
Mynd 34. Hvatastaðir í Hrísey úr suðri. Ljósmynd: Orri Vésteinsson.	63
Mynd 35. Séð yfir suðurhluta deiliskipulagssvæðis í Hálöndum á Akureyri. Ljósmynd: Lilja Laufey Davíðsdóttir.	64
Mynd 36. Flatey á Skjálfanda. Skurður frágenginn að lokinni rannsókn. Í baksýn er hálendið nyrst í Fjörðum. Ljósmynd: Adolf Friðriksson.	66
Mynd 37. Hofstaðir, Brekkur. Loftmynd af rannsóknarsvæðinu 2018. Mynd: Loftmyndir ehf.	68
Mynd 38. Skálar á Langanesi. Horft til suðurs yfir syðstu braggabyrpinguna og tvo af könnunarskurðunum. Ljósmynd: Þóra Pétursdóttir.	70
Mynd 39. Hof í Vopnafirði. Horft yfir norðursnið. Ljósmynd: Þuríður Elísa Harðardóttir.	72
Mynd 40. Axarvegur. Skurður í tóft SMO60:062. Horft í norðvestur. Ljósmynd: Guðrún Alda Gísladóttir.	74

Mynd 41. Stöð í Stöðvarfirði. Yfirlit yfir báða skálana við lok rannsókna 2018, norður vísar niður. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.	76
Mynd 42. Hoffell. Horft eftir flóðgarði til ASA. Ljósmynd: Lilja Björk Pálsdóttir.	78
Mynd 43. Arfabót. Skemman fullgrafin. Sjá má fiskastein u.þ.b. fyrir miðri mynd. Fremst er stétt sem hefur staðið fyrir framan þilið og innst má sjá sáfar með fóðringu. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.	79
Mynd 44. Seljaland. Tephra contouring trench with modelled surfaces of volcanic airfall (tephra) deposits from the first centuries of Iceland's settlement in the Viking Age. Mynd: Alexis Pantos.	81
Mynd 45. Samsett loftmynd tekin með dróna sem sýnir fallna hella syðst í Oddatúni, Rangárvöllum. Svartar línur eru hæðalínur og rauðir ferhyrningar eru staðsetningar könnunarskurða. Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.	83
Mynd 46. Minjavörður teiknar snið í afhelli Hlöðuhellis á Ægissíðu. Ljósmynd: Oddgeir Isaksen.	85
Mynd 47. Skálholt. Loftmynd af uppgraftarsvæði [5000]. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.	87
Mynd 48. Stór hluti flaksins á botni Þingvallavatns. Myndin gefur góða hugmynd um varðveislu bátsins. Sjá má tjöru vinstra megin og hinn meinta manngerða kant til hægri. Ljósmynd: Erlendur Bogason.	89
Mynd 49. Vorsabær. Einn af þremur skurðum sem gerðir voru í Svartakofahól. Ljósmyndari: Margrét H. Hallmundsdóttir.	90
Mynd 50. Gamli Keflavíkurbærinn. Mynd tekin með dróna í lok rannsóknar. Sjá má vegginn með ytri og innri steinahleðslu og gólf og meint gólf hvort sínu megin. Hægra megin við lóðréttu steinaröðina er áfokslag. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.	92
Mynd 51. Duustún í Keflavík. Um 1 m breitt snið í skurðinum við stakkastæðið. Steinaröðin eru úr stakkastæðinu. Hvíta örin sýnir steinkol. Ljósmynd: Bjarni F. Einarsson.	94
Mynd 52. Kaldárselsvegur. Horft yfir skurðinn til SA. Ljósmynd: Atli Rúnarsson.	95